

Starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi

Póroddur Bjarnason prófessor

Jón Þorvaldur Heiðarsson lektor

Háskólinn á Akureyri

31. ágúst 2012

978-9935-437-05-1

© Höfundar 2012, allur réttur áskilinn.

Efnisyfirlit

1. Viðfangsefnið og fyrri rannsóknir	4
2. Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi.....	9
3. Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu.....	12
3.1. Æðsta stjórn ríkisins, forsætisráðuneyti og aðalskrifstofur ráðuneyta	12
3.2. Menntamál og rannsóknir	13
3.3. Menning, fjölmiðlun og félagsstarf.....	15
3.4. Utanríkismál	17
3.5. Löggæsla og dómsmál	18
3.6. Skattheimta, tollgæsla o.fl.	20
3.7. Trúmál og kirkjugarðar.....	20
3.8. Samgöngur, fjarskipti o.fl.	21
3.9. Heilbrigðisþjónusta og önnur velferðarmál	23
3.10. Önnur velferðarmál	25
3.11. Umhverfismál.....	25
3.12. Ófyrirséð útgjöld	26
4. Fjárfestingar í innviðum.....	27
4.1. Fjárfestingar í menntamálum og vísindum	28
4.2. Fjárfestingar í landbúnaði.....	28
4.3. Fjárfestingar í samgöngumannvirkjum	28
4.4. Fjárfestingar í heilbrigðismálum	29
4.5. Fjárfestingar í umhverfismálum	30
5. Bætur til einstaklinga	31
5.1. Bætur í menntamálum.....	32
5.2. Bætur í velferðarmálum	32
5.3. Bætur frá fjármálaráðuneyti.....	33
6. Styrkir til svæða og atvinnugreina	35
6.1. Styrkir til matvælaframleiðslu	35
6.2. Styrkir til annarrar atvinnustarfsemi	38
6.3. Ýmsir jöfnunarsjóðir	40
7. Tekjur ríkisins í Norðausturkjördæmi	42
7.1. Skattar einstaklinga og fyrirtækja	44
7.2. Virðisaukaskattur	45
7.3. Aðrar tekjur ríkisins í Norðausturkjördæmi.....	46
8. Norðausturkjördæmi eða Norðausturríki?	48
8.1. Gjaldahlutdeild landsvæðis í velferðarríki.....	48
8.2. Tekjur og gjöld Norðausturríkis.....	57
9. Umræða	59
10. Heimildir.....	65

1. Viðfangsefnið og fyrri rannsóknir

Verkefni þetta er unnið að frumkvæði landshlutasamtakanna í Norðausturkjördæmi, þ.e. Eyþings (Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum) og SSA (Sambands sveitarfélaga á Austurlandi). Aðdragandi þess er sá að innan stjórnar Eyþings var til umræðu hvernig útgjöldum ríkisins væri háttað á Norðurlandi eystra. Formaður stjórnarinnar, Bergur Elías Ágústsson, lagði til að unnið yrði verkefni með það að markmiði að komast að því hversu miklu af skattfé ríkisins er aflað og hve mikið af því er nýtt í Norðausturkjördæmi. Komið var á samstarfi við SSA. Í framhaldinu var leitað til Þórodds Bjarnasonar sem aftur leiddi til þess að fleiri komu að verkefninu. Þannig gerðu Eyþing og SSA samning við RHA (Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri) um gagnaöflun og úrvinnslu. Vinna við frekari úrvinnslu gagna, túlkun niðurstaðna og ritun þessarar skýrslu var unnin sem hluti af starfsskyldum höfunda sem akademískra starfsmanna Háskólans á Akureyri.

Hlutdeild einstakra landshluta í tekjuöflun þjóðarinnar og skipting ríkisútgjalda milli höfuðborgar og landsbyggðanna vítt og breitt um landið er eitt umdeildasta málið í íslenskum byggðamálum. Að hluta til endurspeglar umræðan ólík viðhorf til félagslegs réttlætis og réttinda einstaklinga gagnvart heildinni, en oft virðist hún jafnframt eiga rætur að rekja til ólíkra hagsmuna íbúa mismunandi landssvæða. Þannig hafa íbúar fámennra landshluta eða byggðarlaga bent á mikla hlutdeild sinna svæða í útflutningsverðmætum þjóðarinnar (sjá t.d. Austurglugginn, 2012; Bæjarins besta, 2011) en ýmsir hagfræðingar á höfuðborgarsvæðinu lagt áherslu á hagkvæmni þess að auka hlutdeild suðvesturhorns landsins í sjávarútvegi og stóriðju (sjá t.d. Axel Hall o.fl., 2011; Ágúst Einarsson, 2008). Þá virðast mörgum íbúum á höfuðborgarsvæðinu öll hagkvæmnis- og sanngirnirök lúta að því að efla þjónustu ríkisins fyrir alla landsmenn í Reykjavík og telja það kjördæmapot að dreifa slíkri þjónustu um allt land (sjá t.d. Ólafur Stephensen, 2011). Íbúum fjarlægari byggðarlaga finnst á hinn bóginn lítil hagkvæmni eða sanngirni felast í því að greiða fyrir opinbera þjónustu í mörg hundruð kílómetra fjarlægð (t.d. Dóra Hlín Gísladóttir og Kristinn Hermannsson, 2011).

Þrátt fyrir líflegar og stundum harðvítugar deilur um mikla hagsmuni sem hér eru í húfi eru rannsóknir á dreifingu ríkisútgjalda eftir landsvæðum mjög af skornum skammti. Vífill Karlsson (2005) rannsakaði landfræðilegt misræmi milli

fjármögnunar og umsvifa ríkisins og afleiðinga þess fyrir landshluta á Íslandi. Hann komst að þeirri niðurstöðu að 27% skatttekna ríkisins en 15% ríkisútgjalda væru tilkomin utan skattaumdæma Reykjavíkur og Reykjaness. Með öðrum orðum yrði næstum önnur hver króna sem íbúar landsbyggðanna greiða í skatta eftir í Reykjavík en hin krónan færi til ríkisútgjalda utan borgarinnar. Vífill taldi að með þessum tilfærslum á skatttekjum til Reykjavíkur örvaði ríkið jafnframt hagvöxt umtalsvert á Reykjavíkursvæðinu en drægi úr hagvexti utan þess vegna margfeldisáhrifa ríkisútgjalda og einhliða viðskiptatengsla milli þessara svæða.

Svipuð mynd birtist í svari iðnaðarráðherra við fyrirspurn um þróun starfa á vegum ríkisins eftir landshlutum (Alþingi, 2007). Þar kom fram að árið 2005 voru 82% ársverka á vegum ríkisins unnin á höfuðborgarsvæðinu en 18% ársverka utan þess. Það ár voru íbúar höfuðborgarsvæðisins 63% þjóðarinnar en íbúar landsbyggðanna 37%. Því lét nærri að íbúar landsbyggðanna væru með einn ríkisstarfsmann í vinnu í Reykjavík fyrir hvern ríkisstarfsmann í heimabyggð. Í Norðausturkjördæmi voru liðlega þúsund ríkisstarfsmenn árið 2005 en hefðu verið ríflega 2.300 talsins ef þeim hefði verið skipt hlutfallslega jafnt milli landshluta eftir mannfjölda.

Þá bendir rannsókn Þórodds Bjarnasonar (2011) til þess að Vestfirðingar njóti aðeins um helmingis þeirrar starfsemi ríkisins sem fólksfjöldi fjórðungsins segir til um. Sé miðað við 2,24% hlutdeild Vestfirðinga greiði þeir til dæmis um milljarð til menntamála á vegum ríkisins. Þar af færi rúmur þriðjungur til allra menntastofnana á Vestfjörðum, um þriðjungur til annarra menntastofnana utan Vestfjarða og tæpur þriðjungur til LÍN, annarra sjóða og sameiginlegrar þjónustu í menntamálum. Af 217 milljóna framlagi Vestfirðinga til menningarstofnana, félaga og viðburða færi aðeins 34 milljónir eða tæp 16% til slíkrar starfsemi í heimabyggð. Á öðrum sviðum væri skiptingin hins vegar í mun meira samræmi við fólksfjölda. Af liðlega 400 milljóna framlagi Vestfirðinga til lög-gæslu og dómsmála þjóðarinnar t.d. áætlað að tæp 96% færi til slíkra verkefna á Vestfjörðum en rúm 4% til annarra svæða.

Helstu takmarkanir þessara niðurstaðna felast í því að byggt er á tiltölulega einföldum gögnum um beina ríkisstarfsemi en ýmsir jöfnunarsjóðir, bætur til einstaklinga og styrkir til fyrirtækja og landsvæða ekki teknir með í reikninginn. Þótt augljóslega sé mikill meirihluti beinnar starfsemi ríkisins í Reykjavík þarf að taka tillit til þess að ríkið styrkir ýmsa sambærilega starfsemi í öðrum

landshlutum. Þannig eru t.d. leikarar í Þjóðleikhúsinu ríkisstarfsmenn en leikarar Leikfélags Akureyrar starfsmenn sjálfstæðs félags sem styrkt er af ríki og sveitarfélagi. Þá er eðli málsins samkvæmt meiri kostnaður við t.d. vegagerð og stuðning við landbúnað í hinum dreifðu byggðum en í borgarsamfélagi suðvesturhornansins.

Í þessari rannsókn er sjónum beint að útgjöldum ríkisins í Norðausturkjördæmi – Norðurlandi eystra og Austurlandi – út frá sjónarhorni skattgreiðenda. Í fyrsta hluta greiningarinnar eru heildarútgjöld ríkisins á þessum svæðum metin samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2011 og flokkuð eftir ráðuneytum og tegundum starfsemi. Í öðrum hluta hennar eru skatttekjur ríkisins í kjördæminu áætlaðar út frá fyrirliggjandi gögnum. Í þriðja og síðasta hluta greiningarinnar eru útgjöld ríkisins borin saman við hlutfallslega skiptingu mannfjöldans annars vegar og skatttekjur ríkisins í Norðausturkjördæmi hins vegar.

Nokkrar takmarkanir eru á þessari greiningu sem hafa ber í huga. Hún byggir á fjárlögum ársins 2011 sem bera skýr merki aðhaldsaðgerða eftirhrunsáranna og landfræðileg dreifing tekna og útgjalda kynni að vera með öðrum hætti á velmegunartímum. Þá endurspegla fjárlög vilja ríkisvaldsins en veruleikinn kann að vera með nokkuð öðrum hætti. Í greiningunni er þannig hvorki tekið tillit til fjárukalaga eða annarra frávika frá samþykktum fjárlögum. Einnig reyndist erfitt að fá upplýsingar hjá einstaka stofnun um landfræðilega skiptingu útgjalda. Þá er rétt að hafa í huga að rannsóknin beinist að starfsemi ríkisins í tilteknum landshlutum en ekki er reynt að meta hversu mikil þjónusta er sótt til annarra landshluta eða annarra landa. Loks er hvorki reynt að meta margfeldisáhrif af starfsemi ríkisins né heldur hversu hátt hlutfall af útgjöldum rennur til kaupa á þjónustu utan kjördæmisins.

Það er grundvallarforsenda velferðarríkisins að allir þegnar þess leggi til sameiginlegra sjóða eftir getu en njóti þjónustu og stuðnings ríkisins eftir þörfum. Sé litið svo á að einstök landsvæði eigi með sama hætti að njóta starfsemi ríkisins óháð skatttekjum mætti leggja hlutfall af mannfjölda til grundvallar greiningunni. Út frá því sjónarmiði er starfsemi ríkisins á Norðurlandi eystra um 11% minni en mannfjöldi segir til um eða sem nemur rúmlega 74 þúsund krónum á hvern íbúa á ári. Með sama hætti er starfsemi ríkisins á Austurlandi (utan Hornafjarðar) um 23% minni en mannfjöldi segir til um eða sem nemur rúmlega 159 þúsund krónum á hvern íbúa á ári. Á hinn

bógin leggur ríkið til svipaða upphæð til þess annars vegar að stuðla að því að þjónusta sveitarfélaga sé sambærileg því sem gerist annars staðar og hins vegar til að styðja við landbúnað á þessum svæðum. Því má segja að þokkalegt jafnvægi sé milli tekna og útgjalda ríkisins en almennir skattgreiðendur fá á hinn bóginn talsvert minna fyrir skattana sína í Norðausturkjördæmi en á höfuðborgarsvæðinu.

Sé hins vegar litið svo á að hver landshluti eigi aðeins rétt á opinberum útgjöldum í samræmi við skatttekjur sem þar eru innheimtar mætti til skýringar hugsa sér Norðausturkjördæmi sem sjálfstætt „Norðausturríki“. Þar byggju tæplega 40 þúsund manns eða um 80% af íbúafjölda Færeyja á svæðinu frá Tröllaskaga austan Skagafjarðar að Hvalnesskriðum milli Djúpavogshrepps og sveitarfélagsins Hornafjarðar. Því ríki tilheyrðu auðlindir lands og sjávar norðaustan og austan, þar með taldar orkuauðlindir, fiskimið og hugsanlegar olíulindir, sem og vegakerfið, hafnir og núverandi fasteignir íslenska ríkisins á svæðinu. Allar aðrar eignir og skuldir íslenska ríkisins væri Norðausturríki hins vegar óviðkomandi. Miðað við tekjur og útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi 2011 væri fjárlagahalli þessa ríkis um -625 Mkr eða -1,2% af skatttekjum. Þar af væri halli Norðausturlands -2.359 Mkr en afgangur Austurlands 1.734 Mkr, en þessi munur skýrist af hærri skatttekjum á Austurlandi. Til samanburðar var halli af rekstri íslenska ríkisins skv. fjárlögum 2011 um -7,9% eftir vaxtagreiðslur.

Hér er ekki tekið tillit til þess að ýmis viðbótarútgjöld myndu leggjast á sjálfstætt Norðausturríki en hlutdeild þess í núverandi styrkjum til landssvæða og óstaðsetjanlegum kostnaði íslenska ríkisins kæmi þar á móti. Þá er heldur ekki tekið tillit til þess að margföldunaráhrif af slíku sjálfstæði og aukinni starfsemi ríkisins kæmi fram í auknum skatttekjum. Það er nánast útilokað að reikna þetta dæmi til enda af nokkurri vissu en þessi einfalda samantekt tekna og útgjalda ársins 2011 sýnir að Norðausturkjördæmi er við núverandi aðstæður langt frá því að vera baggi á ríkissjóði Íslands.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er hlutfall ríkisútgjalda í Norðausturkjördæmi í betra samræmi við mannfjölda en fyrri rannsóknir á svipuðu sviði hafa bent til. Þó getur reynst varasamt að yfirfæra þessar niðurstöður beint og alhæfa út frá þeim hver starfsemi ríkisins sé í öðrum landshlutum eða í landsbyggðunum í heild. Akureyri er langstærsta byggðarlagið utan suðvesturhornsins og starfsemi ríkisins þar er ekki dæmigerð fyrir aðra þjónustukjarna

landsbyggðanna. Þá eru tekjur og útgjöld á Austurlandi með nokkuð sérstökum hætti vegna mikilla stóriðjuumsvifa. Á sunnanverðu Vesturlandi, vestanverðu Suðurlandi og Suðurnesjum má búast við hlutfallslega minni þjónustu og starfsemi ríkisins vegna nálægðar við höfuðborgina, en um leið er slík þjónusta og starfsemi í seilingarfjarlægð fyrir skattgreiðendur. Á norðanverðu Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og austanverðu Suðurlandi eru hins vegar ekki sterkar þjónustumiðstöðvar og fjarlægðir til slíkra miðstöðva oft miklar. Því má búast við því að á þessum landsvæðum sé hlutfall ríkisútgjalda mun óhagstæðara en í Norðausturkjördæmi.

2. Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi

Í þessari rannsókn er skipting útgjalda ríkisins greind eftir landshlutum á grundvelli fjárlaga ársins 2011 og áætlaðri svæðaskiptingu starfsemi ríkisstofnana. Áætlaður 37,3 milljarða halli ársins 2011 samkvæmt fjárlögum er hluti þessara útgjalda, en ekki er tekið tillit til fjárukalaga ársins 2011. Í mörgum fjárlagaliðum eru sértekjur á móti útgjöldum og því er miðað við útgjöld umfram tekjur.

Útgjöld ríkisins eru ekki öll bundin tilteknum svæðum en slíkum óstaðsetjanlegum greiðslum má skipta í þrennt. Árið 2011 voru vaxtagreiðslur ríkisins árið 2011 áætlaðar 73.654 Mkr, greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 2.200 Mkr og greiðslur til útlanda 10.320 Mkr. Fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir rennur vitaskuld beint aftur í ríkissjóð og því kemur sama upphæð fram í umfjöllun um tekjur ríkisins í Norðausturkjördæmi. Greiðslur til útlanda eru af ýmsum toga en þar má nefna bætur til einstaklinga búsettra í útlöndum, greiðslur til alþjóðastofnana og hjálparstarfs. Þau gjöld sem er hægt að greina eftir landshlutum eru hér kölluð staðsetjanleg útgjöld.

Greining á útgjöldum fór þannig fram að fyrst var grófáætlað hlutfall hvers fjárlagaliðar sem fór til Norðurlands eystra og Austurlands án Hornafjarðar. Oft er þessi skipting augljós þar sem ýmsir liðir eru alfarið í öðrum landshlutanum, svo sem Menntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Egilsstöðum. Aðrir liðir eru augljóslega utan Norðausturkjördæmis, svo sem Hrafnista í Hafnarfirði eða Landspítalinn í Reykjavík. Margir liðir eru hins vegar blandaðir og var hlutfallið áætlað í hverju tilfelli fyrir sig. Til dæmis var bótum skipt í samræmi við mannfjölda í einstökum landshlutum þegar öðrum upplýsingum var ekki til að dreifa.

Að þessu loknu voru 103 fjárlagaliðir með hæstu útgjöldin í Norðausturkjördæmi skoðaðir nánar. Þá stóð eftir 321 liður sem fyrirfram var búist við að lítið eða ekkert kæmi við sögu í Norðausturkjördæmi. Af þessum „minna greindu liðum“ gaf áðurnefnd grófáætlun að 0,6% eða 853 Mkr rynnu til Norðurlands eystra en 0,2% eða 299 Mkr til Austurlands. Til að meta áreiðanleika þessarar grófáætlunar var dregið úrtak 45 fjárlagaliða úr þessum 321 og þeir skoðaðir nánar. Af liðunum 45 voru útgjöld til Norðausturkjördæmis 2% lægri en ofangreind grófáætlun gerði ráð fyrir. Það gefur skýra vísbindingu um að grófáætlunin vanmeti ekki greiðslur til kjördæmisins af minna greindum liðum.

Allar útreikningar í þessari skýrslu voru gerðir á grundvelli upphæða í hundruðum þúsunda en til einföldunar eru niðurstöður sýndar í milljónum króna (Mkr). Samtölur geta því verið eilítið frábrugðnar summu þeirra undirliða sem fram koma í texta eða töflum.

Tafla 1

Útgjöld ríkisins skv. fjárlögum 2011 eftir ráðuneytum (Mkr.)

	Heildar- útgjöld	Stað- setjanleg útgjöld	Norður- land eystra	Austur- land	Norð- austur- kjördæmi
Æðsta stjórn ríkisins	3.541	3.541	30	7	37
Forsætisráðuneyti	882	869	0	0	0
Mennta- og menn.ráð.	57.134	55.140	4.532	882	5.414
Utánríkisráðuneyti	9.969	5.327	114	1	115
Sjávar- og landbún.ráð.	18.632	18.517	2.787	1.153	3.940
Innanríkisráðuneyti	59.905	59.159	6.287	3.865	10.152
Velferðarráðuneyti	209.390	206.580	19.076	5.417	24.493
Fjármálaráðuneyti	61.606	59.406	4.170	1.411	5.581
Iðnaðarráðuneyti	4.954	4.954	493	338	831
Efnahags- og viðsk.	3.310	3.310	61	55	116
Umhverfisráðuneyti	6.831	6.831	588	314	902
Vaxtagjöld ríkissj.	73.654	0	0	0	0
Starfsemi og þjónusta		220.072	17.863	5.422	23.285
Fjárfestingar í innviðum		11.954	944	1.173	2.117
Bætur til einstaklinga		150.671	13.459	4.065	17.524
Styrkir svæða og atvgr.		40.937	5.872	2.783	8.654
Samtals	509.808	423.634	38.137	13.443	51.580

Tafla 1 sýnir skiptingu 51,6 milljarða útgjalda ríkisins í Norðausturkjördæmi milli æðstu stjórnar ríkisins og málaflokka einstakra ráðuneyta. Líkt og á landsvísu féll rétt tæplega helmingur allra staðsetjanlegra ríkisútgjalda í Norðausturkjördæmi undir málaflokka velferðarráðuneytisins eða um 24,5 milljarðar króna. Þá féllu um 10,2 milljarðar undir málaflokka innanríkisráðuneytisins, 5,6 undir fjármálaráðuneytið, 5,4 undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og 3,9 milljarðar undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Vegna æðstu stjórnar

ríkisins og þeirra fimm ráðuneyta sem eftir standa var samanlagt um tveimur milljörðum varið í kjördæminu.

Af þeim rúmlega 220 milljörðum sem íslenska ríkið varði til opinberrar þjónustu og starfsemi skv. fjárlögum 2011 runnu rúmlega 23 milljarðar til Norðausturkjördæmis en af tæplega 12 milljarða fjárfestingum í innviðum féllu rúmir 2 milljarðar til í kjördæminu. Þá voru bætur til einstaklinga í Norðausturkjördæmi 17,5 milljarðar af þeim 150,7 milljarða staðsetjanlegu bótum sem fjárlagafrumvarpið gerði ráð fyrir. Styrkir til svæða og atvinnugreina voru alls 40,9 milljarðar en af þeim runnu 8,7 milljarðar til Norðausturkjördæmis. Nánar er fjallað um þessa flokkun ríkisútgjalda í næstu köflum.

Hér á eftir verður fjallað nánar um útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi eftir eðli þeirra. Í fyrsta lagi verður fjallað um útgjöld ríkisins til opinberrar starfsemi og þjónustu sem almennur skattgreiðandi nýtur í nærumhverfi sínu. Slík útgjöld námu 23,3 milljörðum króna samkvæmt fjárlögum 2011 eða um 45% allra útgjalda ríkisins í kjördæminu. Í öðru lagi er um að ræða fjárfestingar ríkisins sem komið geta íbúum til góða í framtíðinni. Slíkar fjárfestingar í innviðum námu aðeins um 2,1 milljarði eða um 4% ríkisútgjalda í kjördæminu. Í þriðja lagi eru bætur til einstaklinga sem eru óháðar búsetu en renna til einstakra landssvæða í samræmi við búsetu þeirra sem eiga rétt á slíkum bótum, t.d. vegna aldurs, örorku eða annarra þátta. Slíkar bætur til einstaklinga í Norðausturkjördæmi eru áætlaðar 17,5 milljarðar eða um 34% ríkisútgjalda í kjördæminu. Í fjórða lagi verður fjallað sérstaklega um styrki til einstakra svæða og atvinnugreina. Slíkir styrkir námu samtals um 8,7 milljörðum króna eða um 17% ríkisútgjalda í kjördæminu.

3. Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu

Samkvæmt fjárlögum 2011 voru 220 milljarðar króna áætlaðir til opinberrar starfsemi og þjónustu á vegum einstakra ráðuneyta og æðstu stjórnar ríkisins. Eins og sjá má af töflu 2 runnu 23,3 milljarðar til Norðausturkjördæmis. Um 52% þeirra féllu undir velferðarráðuneytið, 21% undir innanríkisráðuneytið en 20% undir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Starfsemi og þjónusta sem féllu undir málaflokka allra annarra ráðuneyta og æðstu stjórn ríkisins voru því um 7% slíkra útgjalda í kjördæminu. Hér á eftir verður fjallað nánar um útgjöld vegna opinberrar starfsemi og þjónustu ríkisins í einstökum málaflokkum.

Tafla 2

Útgjöld ríkisins til starfsemi og þjónustu í Norðausturkjördæmi eftir ráðuneytum skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Æðsta stjórn ríkisins	3.541	30	7	37
Forsætisráðuneyti	835	0	0	0
Mennta- og menntaráðun.	46.902	3.839	788	4.627
Utanríkisráðuneyti	5.327	113	1	114
Sjávar- og landbúnaðarr.	0	0	0	0
Innanríkisráðuneyti	37.208	3.250	1.735	4.985
Velferðarráðuneyti	105.959	9.525	2.532	12.057
Fjármálaráðuneyti	14.046	602	224	826
Iðnaðarráðuneyti	0	0	0	0
Efnahags- og viðskiptar.	0	0	0	0
Umhverfisráðuneyti	6.254	504	136	640
Samtals	220.072	17.863	5.422	23.285

3.1. Æðsta stjórn ríkisins, forsætisráðuneyti og aðalskrifstofur ráðuneyta

Samkvæmt fjárlögum ársins 2011 voru 3.541 Mkr. ætlaðar til æðstu stjórnar ríkisins, en til hennar telst forsetaembættið, Hæstiréttur, ríkisstjórn, Alþingi, stjórnlagabíngi, saksóknari Alþingis, umboðsmaður Alþingis, og Ríkisendurskoðun. Til forsætisráðuneytisins voru ætlaðar 847 Mkr, þar af 12 Mkr óstaðsetjanlegar. Til aðalskrifstofa annarra ráðuneyta voru ætlaðar 4.909 Mkr. Sam-

tals eru staðsetjanleg útgjöld vegna æðstu stjórnar ríkisins og yfirstjórnar stjórnarráðsins því 9.285 Mkr.

Engin regluleg starfsemi af þessu tagi er í Norðausturkjördæmi. Þar sem gert er ráð fyrir tvöfaldri búsetu þingmanna og ráðherra utan höfuðborgarsvæðisins er hér gert ráð fyrir að hluti launa þingmanna og ráðherra hafi komið til kjördæmisins. Af útgjöldum *Alþingis* (0-201) er áætlað að 22 Mkr hafi farið til Norðurlands eystra en 7 Mkr til Austurlands. Minna greindir liðir eru áætlaðir 8 Mkr á Norðurlandi eystra en 0 Mkr á Austurlandi. Gert er ráð fyrir 30 Mkr á Norðurlandi eystra og 7 Mkr á Austurlandi, samtals 37 Mkr í Norðausturkjördæmi eða 0,4% af þessum útgjöldum.

3.2. Menntamál og rannsóknir

Til opinberrar starfsemi og þjónustu á sviði menntamála og rannsókna voru ætlaðar 37.134 Mkr samkvæmt fjárlögum ársins 2011. Í töflu 3 er þessum útgjöldum skipt í fimm flokka. Til almenns rekstrar voru ætlaðar 406 Mkr, til háskólastigsins 15.599 Mkr, til rannsókna og þróunarstarfs 2.425 Mkr, til framhaldsskólastigsins 16.518 Mkr og til annarra menntamála 2.186 Mkr.

Tafla 3

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu vegna menntamála og rannsókna í Norðausturkjördæmi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Almennur rekstur	406	0	0	0
Háskólastigið	15.599	1.336	19	1.355
Rannsóknir og þróunarstarf	2.425	50	18	68
Framhaldsskólastigið	16.518	1.908	515	2.423
Önnur menntamál	2.186	179	99	278
Samtals	37.134	3.473	651	4.124
Almennur rekstur		0%	0%	0%
Háskólastigið		8,6%	0,1%	8,7%
Rannsóknir og þróunarstarf		2,1%	0,7%	2,8%
Framhaldsskólastigið		11,6%	3,1%	14,7%
Önnur menntamál		8,2%	4,5%	12,7%
Samtals		9,3%	1,8%	11,1%

Ekki er gert ráð fyrir neinum almennum rekstri í kjördæminu, en meginhluti þess kostnaðar á landsvísu er vegna rekstrar Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Vegna háskólastigsins eru útgjöld á Norðurlandi eystra áætluð 1.336 Mkr en 19 Mkr á Austurlandi, samtals 1.355 Mkr í Norðausturkjördæmi eða 8,7% af útgjöldum ríkisins til þessara mála. Útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs á Norðurlandi eystra eru áætluð 50 Mkr en 18 Mkr á Austurlandi, samtals 68 Mkr í Norðausturkjördæmi eða 2,8% af útgjöldum ríkisins.

Háskólinn á Akureyri fékk 1.302 Mkr til reglulegrar starfsemi. Próffessorar við skólann fengu einnig 14 Mkr úr *Ritlauna- og rannsóknasjóði prófessora* (2-234). Aðrir útgjaldaliðir minna greindir felast í annarri háskóla- og rannsóknastarfsemi í kjördæminu svo sem háskólasetri með þátttöku Háskóla Íslands og fleiri aðila. Samtals er áætlað að 20 Mkr hafi farið til þessarar starfsemi á Norðurlandi eystra en 19 Mkr á Austurlandi.

Til rannsókna- og þróunarstarfs er áætlað að Norðurland eystra hafi fengið 33 Mkr úr rammaáætlun ESB (2-985) en Austurland 18 Mkr. Miðað við úthlutanir úr *Rannsóknarsjóði* (2-236) (Rannís) er áætlað að Norðurland eystra hafi fengið 7 Mkr en Austurland ekkert. Af öðrum minna greindum útgjaldaliðum er áætlað að *Rannsóknamiðstöð Íslands* (2-231), *Markáætlun á sviði vísinda og tækni* (2-235) og *Tækjasjóður* (2-238) hafi varið samtals 10 Mkr á Norðurlandi eystra en engu á Austurlandi.

Útgjöld til framhaldsskólastigsins á Norðurlandi eystra eru áætluð 1.908 Mkr en 515 Mkr á Austurlandi, samtals 2.423 Mkr í Norðausturkjördæmi eða 14,7%. Útgjöld til annarra menntamála á Norðurlandi eystra eru áætluð 179 Mkr en 99 Mkr á Austurlandi, samtals 278 Mkr í Norðausturkjördæmi eða 12,7% af útgjöldum ríkisins til þessara mála.

Samkvæmt fjárlögum 2011 fékk Verkmenntaskólinn á Akureyri 980 Mkr, Framhaldsskólinn á Húsavík 121 Mkr, Menntaskólinn á Tröllaskaga 77 Mkr, Framhaldsskólinn á Laugum 171 Mkr og Menntaskólinn á Akureyri 482 Mkr. Til viðbótar er miðað við að líkt og árið á undan hafi 4,0% eða 70 Mkr af fjárlagaliðnum *Framhaldsskólar, almennt* (2-319) farið til Norðurlands eystra. Liðurinn *Fasteignir framhaldsskóla* (2-316) er eini liðurinn sem er minna greindur og eru þar áætlaðar 6 Mkr til Norðurlands eystra. Þessi útgjöld til

framhaldsskóla á Norðurlandi eystra eru því samanlagt 1.907 Mkr eða 11,6% af framlögum ríkisins til framhaldsskóla.

Á Austurlandi fékk Menntaskólinn á Egilsstöðum 262 Mkr, Verkmenntaskóli Austurlands í Neskaupstað 210 Mkr og Hússtjórnarskólinn Hallormsstað 25 Mkr. Líkt og árið á undan er miðað við að 0,9% eða 16 Mkr af fjárlagaliðnum *Framhaldsskólar almennt* (2-319) hafi farið til Austurlands og 2 Mkr af liðnum *Fasteignir framhaldsskóla* (2-316) sem er minna greindur. Þessi útgjöld til framhaldsskóla á Austurlandi eru því samanlagt 515 Mkr eða 3,1% af framlögum ríkisins til framhaldsskóla.

Til annarra menntamála í Norðausturkjördæmi voru 17 Mkr ætlaðar til Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, 35 Mkr til Þekkingarseturs Þingeyinga og 51 Mkr til Þekkingarnets Austurlands. Miðað við skiptingu ársins á undan má gera ráð fyrir að af 671 Mkr framlagi til Fræðslusjóðs hafi 98 Mkr farið til Norðurlands eystra og 35 Mkr til Austurlands. Íslenskukennsla fyrir útlendinga kostaði 121 Mkr árið 2011 og miðað við hlutfall erlendra ríkisborgara er áætlað að 6 Mkr hafi verið varið á Norðurlandi eystra og 5 Mkr á Austurlandi. Af minna greindum liðum er áætlað að vegna *Rannsóknarnámssjóðs* (2-239), *Fullorðinsfræðslu fatlaðra* (2-441) og *Grunnskóla almennt* (2-720) hafi 23 Mkr farið til Norðurlands eystra og 7 Mkr til Austurlands. Til annarra menntamála voru því samtals ætlaðar 179 Mkr á Norðausturlandi en 98 Mkr á Austurlandi eða 277 Mkr í kjördæminu í heild.

3.3. Menning, fjölmiðlun og félagsstarf

Útgjöld ríkisins til opinberrar starfsemi og þjónustu á sviði menningar, fjölmiðlunar og félagsstarfs voru 9.545 Mkr samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011, þar af voru 9.190 Mkr staðsetjanlegar. Tafla 4 sýnir að á Norðurlandi eystra eru áætlaðar 366 Mkr til þessara mála en 137 Mkr á Austurlandi. Samtals voru því 503 Mkr í Norðausturkjördæmi eða 5,5% af staðsetjanlegum framlögum ríkisins ætlaðar til málaflokksins.

Ríkisútvarpinu (2-971) voru ætlaðar 2.963 Mkr en afar erfitt reyndist að fá nokkrar upplýsingar frá RÚV um rekstur stofnunarinnar. Auk framlags frá ríkinu fær stofnunin tekjur af auglýsingum. Í svari við fyrirspurn á Alþingi (Alþingi, 2012a) kom fram að kaup á erlendu efni hafi verið um 12% af rekstrargjöldum 2011. Staðsetjanleg framlög eru þá 2.607 Mkr (88% af 2.963) en staðsetjanlegur

kostnaður er áætlaður 3.877 Mkr. Þar af kostaði starfsstöðin á Akureyri um 82 Mkr skv fyrirspurn á Alþingi (Alþingi, 2012b) og áætlað er að starfsemi RÚV á Egilsstöðum hafi kostað 9 Mkr árið 2011. Áætlað er að dreifikerfi á hvoru landsvæðinu fyrir sig hafi kostað 31 Mkr ef miðað er við 1/7 af dreifikerfiskostnaði. Samtals fóru 2,9% staðsetjanlegs kostnaðar eða 76 Mkr til Norðurlands eystra og 1% eða 26 Mkr til Austurlands. Án tillits til auglýsingatekna renna því 102 Mkr af staðsetjanlegum útgjöldum ríkisins til RÚV til kjördæmisins.

Tafla 4

Útgjöld vegna fjölmiðlunar, menningar og félagsstarfs í Norðausturkjördæmi samkvæmt fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Ríkisútvarpið ohf.	2.607	76	26	102
Menningarsamningar	259	147	32	179
Önnur menning og félagsstarf	6.324	143	79	222
Samtals	9.190	366	137	503
Ríkisútvarpið ohf.		2,9%	1,0%	3,9%
Menningarsamningar		56,7%	12,4%	69,1%
Önnur menning og félagsstarf		2,3%	1,2%	3,5%
Samtals		4,0%	1,5%	5,5%

Framlög ríkisins til menningarmála utan RÚV voru 6.583 Mkr. Menningarsamningar við landsbyggðirnar voru samtals 259 Mkr og önnur framlög, þar af runnu 179 Mkr til Norðausturkjördæmis. Af *framlögum til lista* (2-982) er áætlað að 156 Mkr hafi farið til Norðurlands eystra, þar af 27 Mkr vegna menningarsamnings Samtaka sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyarsýslum (Eypings) og 120 Mkr vegna samnings við Akureyrarbæ um menningarstarfsemi. Til Austurlands er áætlað að hafi farið tæplega 37 Mkr en þar af eru 32 Mkr vegna menningarsamnings Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Aðrir útgjaldaliðir, minna greindir eru *Fornleifavernd ríkisins* (2-901), *Þjóðminjasafn Íslands* (2-902), *Þjóðskjalasafn* (2-903), *Safnasjóður* (2-918), *Söfn, ýmis framlög* (2-919), *Fjölmiðlanefnd* (2-961), *Höfundarréttargjöld* (2-977), *Launasjóður listamanna* (2-978), *Húsfriðunarnefnd* (2-979), *Ýmis fræðistörf* (2-983),

Æskulýðsmál (2-988), Ýmis íþróttamál (2-989) og að endingu Ýmislegt (2-999). Vegna þessarar starfsemi eru tæplega 135 Mkr áætlaðar á Norðurlandi eystra og 74 Mkr á Austurlandi. Fyrir utan RÚV eru útgjöld vegna menningar og félagsstarfs því 290 Mkr til Norðurlands eystra en 111 Mkr til Austurlands, samtals 401 Mkr eða 6,1% heildarútgjalda.

3.4. Utanríkismál

Til opinberrar starfsemi og þjónustu á sviði utanríkismála voru samkvæmt fjárlögum ársins 2011 ætlaðar 8.958 Mkr. Þar af eru 4.317 Mkr áætlaðar til starfsemi innanlands. Mismunurinn er fé sem ráðuneytið ráðstafar til útlanda og er hér skilgreint sem óstaðsetjanleg útgjöld. Litið er svo á að umsvif sendiráða hér á landi komi á móti kostnaði við sendiráð Íslands erlendis. Útgjöld til sendiráða erlendis séu því í raun staðsetjanleg í Reykjavík í formi samsvarandi útgjalda erlendra ríkja vegna sendiráða þeirra á Íslandi. Samtals er áætlað að 114 Mkr sé ráðstafað á Norðurlandi eystra og 1 Mkr á Austurlandi, en það samsvarar samtals 2% af staðsetjanlegum framlögum ríkisins vegna utanríkismála. Tafla 5 sýnir skiptingu þeirra fjármuna.

Tafla 5

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu vegna utanríkismála í Norðausturkjördæmi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Sendiráð	2.683	0	0	0
Þróunarmál og hjálparstarf	465	19	0	19
Þýðingarmiðstöð	301	90	0	90
Annað	868	5	1	6
Samtals	4.317	114	1	115
Sendiráð		0%	0%	0%
Þróunarmál og hjálparstarf		4,1%	0%	4,1%
Þýðingarmiðstöð		29,9%	0%	29,9%
Annað		0,6%	0,1%	0,7%
Samtals		2,6%	0%	2,6%

Til *Þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi* (3-391) eru ætlaðar 1.277 Mkr en til *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* (3-390) renna 1.166 Mkr. Eðli málsins samkvæmt rennur mest af þessum fjármunum úr landi en þó er nokkur starfsemi innanlands. Af 124 Mkr staðsetjanlegum útgjöldum *Þróunarsamvinnustofnunar Íslands* er engum fjármunum ráðstafað í Norðausturkjördæmi. Af 341 Mkr staðsetjanlegum útgjöldum til *Þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi* er áætlað að um 15% af innlendum kostnaði við sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna renni til Norðurlands eystra. Því er áætlað að vegna þróunarmála renni 19 Mkr til Norðurlands eystra en ekkert til Austurlands.

Á fjárlögum 2011 er gert ráð fyrir 301 Mkr til *Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins* (3-111), þar af er áætlað að 90 Mkr fari til starfsstöðvarinnar á Akureyri. Því fóru 29,9% af útgjöldum miðstöðvarinnar til Norðurlands eystra en ekkert til Austurlands. Af minna greindum liðum, *Ýmis verkefni* (3-190), *Ráðstöfunarfé* (3-199) og *Alþjóðastofnanir* (3-401) eru áætlaðar 5 Mkr á Norðurlandi eystra og 1 Mkr á Austurlandi.

3.5. Löggæsla og dómsmál

Alls voru ætlaðar 17.259 Mkr til opinberrar starfsemi og þjónustu á sviði löggæslu og dómsmála samkvæmt fjárlögum ársins 2011. Eins og sjá má af töflu 6 voru 918 Mkr ætlaðar til þessara mála á Norðurlandi eystra en 438 Mkr á Austurlandi, eða samtals 1.356 Mkr í Norðausturkjördæmi. Það eru 7,8% af heildarframlögum ríkisins til málaflokksins.

Heildarfjárveiting til *Héraðsdómstóla* (6-210) er 1.012 Mkr. Til Héraðsdóms Norðurlands eystra renna 56 Mkr eða 5,5%, en til Héraðsdóms Austurlands 27 Mkr eða 2,7%. Samtals fara því 83 Mkr eða 8,2% af fjárheimildum Héraðsdómstóla til Norðausturkjördæmis. Þá fara 7.798 Mkr til landshlutabundinna lögreglustjóra og sýslumannsembætta landsins. Þar af fara 48 Mkr til embættisins á Siglufirði (6-422), 462 Mkr til *Sýslumannsins á Akureyri* (6-424) og 167 Mkr til *Sýslumannsins á Húsavík* (6-425). Samtals fara því 677 Mkr til Norðurlands eystra eða 8,7% heildarfjárveitinga. Til Austurlands fara 161 Mkr vegna *Sýslumannsins á Seyðisfirði* (6-426) og 230 Mkr vegna *Sýslumannsins á Eskifirði* (6-428), samtals 391 Mkr eða 5,0%. Til Norðausturkjördæmis fara því samtals 1.068 Mkr eða 13,7% fjárveitinga til slíkra mála.

Tafla 6

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu vegna löggæslu og dómsmála í Norðausturkjördæmi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Héraðsdómstólar	1.012	56	27	83
Lögregla og sýslumenn	7.798	677	391	1.068
Fangelsismálastofnun	1.197	52	0	52
Landhelgisgæslan	2.019	54	0	54
Annað	5.233	80	19	99
Samtals	17.259	918	438	1.356
Héraðsdómstólar		5,5%	2,7%	8,2%
Lögregla og sýslumenn		8,7%	5,0%	13,7%
Fangelsismálastofnun		4,3%	0%	4,3%
Landhelgisgæslan		2,7%	0%	2,7%
Annað		1,5%	0,4%	1,9%
Samtals		5,3%	2,5%	7,8%

Samkvæmt fjárlögum 2011 fara 1.197 Mkr til *Fangelsismálastofnunar ríkisins* (6-501). Fangelsið á Akureyri er með 6,3% af öllum fangarýmum á landinu en 4,3% af heildarútgjöldum Fangelsismálastofnunar árið 2010. Miðað við sama hlutfall er áætlað að 52 Mkr af fjárveitingu til Fangelsismálastofnunar 2011 falli til Norðurlands eystra en ekkert til Austurlands.

Af 2.766 Mkr framlagi til *Landhelgisgæslunnar* (6-395) er beinn erlendum kostnaður um 27%, þar á meðal leiga á þyrlu, varahlutakaup og þjálfun erlendis. Af 2.019 Mkr staðsetjanlegum útgjöldum fara um 54 Mkr til ratsjárstöðvarinnar á Gunnólfsvíkurfjalli og launakostnaðar áhafna á skipum og loftförum á Norðurlandi eystra. Engin útgjöld eru vegna starfsemi sem er staðsett á Austurlandi. Af staðsetjanlegum útgjöldum Landhelgisgæslunnar fara því 2,7% til Norðurlands eystra.

Af minna greindum liðum er áætlað að vegna *Kosninga* (6-111), *Ýmissa verkaefna* (6-190), *Málskostnaðar í opinberum málum* (6-231), *Opinberrar réttaraðstoðar* (6-232), *Ríkislögreglustjóra* (6-303), *Samræmdirar neyðarsvörunar* (6-325), *Ýmissa löggæslu- og öryggismála* (6-390) og *Ýmiss rekstrarkostnaðar*

sýslumannsembætta (6-490) hafi 80 Mkr farið til Norðurlands eystra og 19 Mkr til Austurlands eða samanlagt 1,9% fjárveitinga til þessara málefna.

3.6. Skattheimta, tollgæsla o.fl.

Samkvæmt fjárlögum 2011 voru 8.642 Mkr ætlaðar til kostnaðar við skattheimtu, tollgæslu og aðra starfsemi undir fjármálaráðuneytinu. Þar af voru 245 Mkr ætlaðar til slíkrar starfsemi á Norðurlandi eystra og 118 Mkr á Austurlandi. Samanlagt voru því ætlaðar 363 Mkr til Norðausturkjördæmis eða 4,2% af heildarkostnaði ríkisins til slíkrar starfsemi.

Gert var ráð fyrir 2.358 Mkr til *Ríkisskattstjóra* (9-210), þar af 177 Mkr til starfstöðvanna á Siglufirði og á Akureyri og 66 Mkr til starfsstöðvarinnar á Egilsstöðum. Af þessum fjárlagalið fóru því samtals 243 Mkr eða 10,3% til Norðausturkjördæmis. Þá voru 1.904 Mkr ætlaðar til embættis *Tollstjóra* (9-262). Beinn kostnaður við starfsstöðina á Akureyri er áætlaður 19 Mkr á árinu 2011 en 35 Mkr við starfsstöðina á Seyðisfirði. Samtals fóru því 54 Mkr eða 2,8% af framlögum til Tollstjóraembættisins til Norðausturkjördæmis.

Minna greindir liðir eru hér *Skatta- og tollamál, ýmis útgjöld* (9-212), *Starfsendurhæfingarsjóður* (9-393), *Ríkisstjórnarákvarðanir* (9-990) og *Virðisaukaskattur ríkisstofnana af tölvuvinnslu* (9-994). Af þessum liðum er áætlað að 49 Mkr hafi farið til Norðurlands eystra en 17 Mkr til Austurlands.

3.7. Trúmál og kirkjugarðar

Til opinberrar starfsemi og þjónustu sem tengjast trúmálum og kirkjugörðum eru ætlaðar 4.558 Mkr samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011. Á Norðurlandi eystra eru áætlaðar 470 Mkr til þessara mála en 203 Mkr á Austurlandi, samtals 673 Mkr í Norðausturkjördæmi. Það eru 14,8% af heildarframlögum ríkisins til málaflokksins. Skiptingu þeirra fjármuna milli landshluta má sjá í töflu 7.

Til *Þjóðkirkjunnar* (6-701) runnu 1.276 Mkr skv. fjárlögum 2011 en þar af 34 Mkr til fjárfestinga. Til opinberrar þjónustu og starfsemi ríkisins fóru því 1.242 Mkr. Af þessari upphæð fóru 161 Mkr til Norðurlands eystra og 94 Mkr til Austurlands, eða samtals 255 Mkr eða 20,5% til Norðausturkjördæmis. *Sóknargjöld* (6-735) voru alls 1.859 Mkr og skv. skiptingu 2010 er áætlað að 175 Mkr hafi farið til Norðurlands eystra og 58 Mkr til Austurlands, samtals 233 Mkr.

Tafla 7

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu vegna trúmála og kirkjugarða í Norðausturkjördæmi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Þjóðkirkjan	1.242	161	94	255
Sóknargjöld	1.859	175	58	233
Jöfnunarsjóður sókna	302	17	17	34
Kirkjugarðar	845	99	27	126
Annað	310	19	7	26
Samtals	4.558	470	203	673
Þjóðkirkjan		12,9%	7,6%	20,5%
Sóknargjöld		9,4%	3,1%	12,5%
Jöfnunarsjóður sókna		5,6%	5,6%	11,2%
Kirkjugarðar		11,7%	3,2%	14,9%
Annað		6,0%	2,3%	8,3%
Samtals		10,3%	4,5%	14,8%

Þá fóru 302 Mkr til *Jöfnunarsjóðs sókna* (6-736), þar af 36 Mkr til Biskupsstofu í Reykjavík. Áætlað er að 17 Mkr hafi farið til hvors landshluta fyrir sig eða samtals 34 Mkr. Af 845 Mkr framlagi ríkissjóðs til *Kirkjugarða* (6-733) fóru 99 Mkr til Norðurlands eystra og 27 Mkr til Austurlands eða 126 Mkr til Norðausturkjördæmis. Aðeins tveir liðir eru minna greindir, *Kirkjumálasjóður* (6-705) og *Kristnisjóður* (6-707) samtals 310 Mkr. Gert er ráð fyrir að Norðurland eystra fái 19 Mkr og Austurland 7 Mkr og samtals renni því 26 Mkr til kjördæmisins.

3.8. Samgöngur, fjarskipti o.fl.

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu ríkisins vegna samgangna, fjarskipta og fleiri þátta eru áætluð 13.800 Mkr samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011. Á Norðurlandi eystra eru áætlaðar 1.862 Mkr til þessara mála en 1.094 Mkr á Austurlandi, eða samtals 2.956 Mkr í Norðausturkjördæmi. Það eru 21,4% af heildarframlögum ríkisins til málaflokksins. Skiptinguna má sjá í töflu 8.

Tafla 8

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu vegna samgangna, fjarskipta o.fl. í Norðausturkjördæmi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Vegagerðin	9.738	1.643	902	2.545
Flugvellir og flugþjónusta	2.209	209	187	396
Annað	1.853	10	5	15
Samtals	13.800	1.862	1.094	2.956
Vegagerðin		16,9%	9,2%	26,1%
Flugvellir og flugþjónusta		9,5%	8,4%	17,9%
Annað		0,6%	0,3%	0,8%
Samtals		13,5%	7,9%	21,4%

Til *Vegagerðarinnar* (6-651) fóru 5.059 Mkr í almennan rekstur en 4.679 Mkr til viðhalds, samtals 9.738 Mkr. Auk þess voru fjárfestingar sem fjallað er um í sérstökum kafla. Ákaflega illa gekk að fá upplýsingar um landfræðilega skiptinu þessara útgjalda. Skipting almenns rekstrar var áætluð út frá þeim upplýsingum sem voru tiltækar, svo sem starfsmannafjölda umdæma. Áætlað er að 1.643 Mkr hafi runnið til Norðurlands eystra en 902 Mkr til Austurlands, eða samtals 2.545 Mkr eða 26,1% slíkra fjárveitinga.

Vegna *Flugvalla og flugleiðsögubjónustu* (6-672) fóru 2.151 Mkr í almennan rekstur en 58 Mkr til viðhalds, samtals 2.209 Mkr. Auk þess eru fjárfestingar sem fjallað verður um í sérstökum kafla. Á Norðurlandi eystra voru 202 Mkr vegna almenns rekstrar og 7 Mkr vegna viðhalds, en á Austurlandi 179 Mkr vegna almenns rekstrar og 8 Mkr vegna viðhalds. Samtals runnu því 396 Mkr til flugvalla og flugleiðsögubjónustu í Norðausturkjördæmi, eða 17,9% slíkra útgjalda á landinu öllu.

Af minna greindum liðum er áætlað að vegna *Siglingastofnunar Íslands* (6-661), *Rannsóknarnefndar sjóslysa* (6-668) og *Jöfnunarsjóðs alþjónustu* (6-682) fari 8 Mkr til Norðurlands eystra og 4 Mkr til Austurlands.

Til neytendamála og þjóðskrár eru ætlaðar 901 Mkr og er gert ráð fyrir að ekkert af því fjármagni sé notað í Norðausturkjördæmi

3.9. Heilbrigðisþjónusta og önnur velferðarmál

Samkvæmt fjárlögum 2011 er velferðarráðuneytinu ætlaðar 104.097 Mkr til opinberrar starfsemi og þjónustu vegna heilbrigðisþjónustu. Þar af 9.345 Mkr eða 9,0% á Norðurlandi eystra og 2.532 Mkr eða 2,4% á Austurlandi. Samanlagt fara því 11.877 Mkr eða 11,4% til heilbrigðismála í Norðausturkjördæmi. Í töflu 9 er heilbrigðismálum skipt í þrennt. Í fyrsta lagi sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar, í öðru lagi hjúkrunar- og öldrunarþjónustu en í þriðja lagi kostnað sem fellur undir aðra liði.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011 fá sjúkrahús, heilbrigðisstofnanir og heilsugæslustöðvar 55.929 Mkr. Þar af fara rúmlega 5.911 Mkr til Norðurlands eystra eða 10,6% en rúmlega 1.951 Mkr eða 3,5% til Austurlands. Samtals renna því 7.862 Mkr eða 14,1% heildarfjárveitinga til kjördæmisins. Sjúkrahúsið á Akureyri fær 4.037 Mkr, Heilsugæslan á Dalvík 102 Mkr, Heilsugæslan á Akureyri (8-553) 488 Mkr, Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð 414 Mkr og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga (8-761) 845 Mkr. Heilbrigðisstofnun Austurlands fær 1.931 Mkr. Liðurinn Heilbrigðisstofnanir (8-700) skiptist þannig að af 98 Mkr í starfsemi fer 9 Mkr til Norðurlands eystra en 14 Mkr til Austurlands. Minna greindir liðir eru *Sjúkrahús, óskipt* (8-379) og *Heilsugæslustöðvar, almennt* (8-500), en af þessum liðum er áætlað að 17 Mkr fari til Norðurlands eystra en 7 Mkr til Austurlands.

Hjúkrunar- og öldrunarþjónusta fær 23.123 Mkr og þar af fara 2.016 Mkr eða 8,7% til Norðurlands eystra en 378 Mkr eða 1,7% til Austurlands. Samtals renna því 2.394 Mkr til kjördæmisins eða 10,4% heildarfjárveitinga. Á Norðurlandi eystra fara 173 Mkr til Hornbrekku í Ólafsfirði, 90 Mkr til Nausts á Þórshöfn, 243 Mkr til Dalbæjar á Dalvík og 1.253 Mkr til öldrunarþjónustu á Akureyri. Á Austurlandi fer 161 Mkr til Hulduhlíðar á Eskifirði og 138 Mkr til Uppsala á Fáskrúðsfirði.

Úr *Framkvæmdasjóði aldraðra* (8-402) er áætlað að fyrir utan stofnkostnað hafi 136 Mkr runnið til Norðurlands eystra en 22 Mkr til Austurlands. Vegna *Dvalarýma aldraðra* (8-460) er áætlaðar 84 Mkr til Norðurlands eystra en 28 Mkr til Austurlands. Vegna *Dagvistunar aldraðra, annarar* (8-477) er áætlaðar 29 Mkr á Norðurlandi eystra en 28 Mkr á Austurlandi. Nokkur hjúkrunar- og öldrunarþjónusta er utan þessara liða og fellur undir almennar heilbrigðisstofnanir. Minna greindur liður er *Öldrunarstofnanir, almennt* (8-401) þar sem gert er ráð fyrir tæpum 8 Mkr til Norðurlands eystra en rúmlega 1 Mkr til Austurlands.

Tafla 9

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu vegna heilbrigðismála í Norðausturkjördæmi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Staðsetjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austurland	Norðausturkjördæmi
Heilbrigðisstofnanir	55.929	5.911	1.951	7.862
Hjúkrunar- og öldrunarmál	23.123	2.016	378	2.394
Þjónustuhluti trygginga	15.888	1.102	160	1.262
Aðrir liðir	9.157	316	43	359
Samtals	104.097	9.345	2.532	11.877
Heilbrigðisstofnanir		10,6%	3,5%	14,1%
Hjúkrunar- og öldrunarmál		8,7%	1,7%	10,4%
Þjónustuhluti trygginga		6,9%	1,0%	7,9%
Aðrir liðir		3,4%	0,5%	3,9%
Samtals		9,0%	2,4%	11,4%

Útgjöld vegna þess hluta *Sjúkratrygginga* (8-206) sem telst til starfsemi en ekki bótagreiðslna (greiðslur fyrir lækni- og verk o.fl.) voru áætluð 17.191 Mkr en 9,0% þeirra voru óstaðsetjanleg, t.d. vegna læknismeðferðar erlendis. Af framlagi til *Slysatrygginga* (8-208) er gert ráð fyrir að 249 Mkr hafi verið vegna starfsemi og þjónustu. Af 15.888 Mkr staðsetjanlegu ríkisframlagi til þessara þátta er gert ráð fyrir að 1.102 Mkr hafi runnið til Norðurlands eystra en 160 Mkr til Austurland. Til Norðausturkjördæms fóru því 1.262 Mkr eða 8,0% framlags ríkisins til sjúkra- og slysatrygginga.

Af öðrum liðum sem falla undir heilbrigðismál eru 867 Mkr ætlaðar vegna þjónustusamninga um *Sjúkraflutninga* (8-501) með sjúkrabílum og sjúkraflugi. Samtals fara 205 Mkr til Norðurlands eystra og 13 Mkr til Austurlands eða samtals 25,1% til Norðausturkjördæmis. Á fjárlögum 2011 eru 704 Mkr ætlaðar til *Málefna fatlaðra* (8-809). Þar af fóru 8 Mkr til Sjálfsbjargar á Akureyri og 15 Mkr til Austurlands. Minna greindir liðir eru hér *Ýmis verkefni* (8-190), *Ráðstöfunarfé* (8-199), *Sjúklingatryggingar* (8-209), *Vinnueftirlit ríkisins* (8-331), *Heilbrigðismál, ýmis starfsemi* (8-399), *Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins* (8-801) og að endingu *Starfsendurhæfing* (8-856). Af þessum liðum er áætlað að

103 Mkr fari til Norðurlands eystra en 15 Mkr til Austurlands . Af 9,2 milljarða framlagi til annarra liða fara því 359 Mkr eða 3,9% til Norðausturkjördæmis.

3.10. Önnur velferðarmál

Á fjárlögum 2011 voru 86 Mkr ætlaðar til *Jafnréttisstofu* (8-333). Hér er útgjaldaliðnum skipt milli Akureyrar og Reykjavíkur eftir fjölda starfsmanna. Samkvæmt því fóru 73 Mkr eða 86% til Norðurlands eystra en ekkert til Austurlands. Á fjárlögum 2011 runnu 926 Mkr í *Barnaverndarstofu* (8-821). Meðferðarheimilið á Laugarlandi er á Norðurlandi eystra en einnig var greitt samkvæmt samningi við Akureyrarbæ vegna „PMT foreldraráðgjafar“. Samtals fóru 107 Mkr eða 11,5% fjárveitinga Barnaverndarstofu til Norðurland eystra en ekkert til Austurlands.

3.11. Umhverfismál

Útgjöld til opinberrar starfsemi og þjónustu á sviði umhverfismála eru áætluð 5.958 Mkr samkvæmt fjárlögum 2011. Á Norðurlandi eystra eru áætlaðar 504 Mkr til þessara mála en 136 Mkr á Austurlandi, samtals 640 Mkr eða 10,7% af heildarframlögum ríkisins til málaflokksins.

Samkvæmt fjárlögum 2011 voru 733 Mkr ætlaðar til *Umhverfisstofnunar* (14-211). Það ár voru útgjöld vegna útbús á Akureyri og Mývatnsstofu voru samtals 112 Mkr en 19 Mkr vegna útbús á Egilsstöðum. Því kostaði rekstur stofnunarinnar í Norðausturkjördæmi samtals 131 Mkr eða 16,9% af heildarfjárveitingum stofnunarinnar.

Á fjárlögum 2011 voru 902 Mkr ætlaðar í *Úrvinnslusjóð* (14-287) en 840 Mkr vegna *Endurvinnslunnar* (14-289). Hjá úrvinnslusjóði störfuðu 5 einstaklingar í Reykjavík og er gert ráð fyrir að yfirstjórn hafi kostað 50 Mkr en annað af útgjöldum sjóðsins hafi skipst eftir mannfjölda. Yfirstjórn Endurvinnslunnar og meðhöndlun drykkjarumbúða fyrir útflutning er á höfuðborgarsvæðinu en að öðru leyti er gert ráð fyrir að útgjöld Endurvinnslunnar hafi verið vegna söfnunar og útgreiðslu skilagjalds um allt land. Hér er áætlað að 100 Mkr hafi farið í yfirstjórn og meðhöndlun en 740 Mkr í söfnun og skilagjald í hlutfalli við mannfjölda. Samkvæmt því fóru 145 Mkr til Norðurlands eystra en 50 Mkr til Austurlands, samtals 195 Mkr eða 11,2% heildarútgjalda.

Á fjárlögum 2011 voru 234 Mkr ætlaðar í almennan rekstur *Vatnajökulsþjóðgarðs* (14-212). Gert er ráð fyrir að 56 Mkr hafi farið til Norðurlands eystra og 23 Mkr til Austurlands, samtals 79 Mkr eða um 34,0% af almennum rekstri. Þá voru 432 Mkr ætlaðar til *Náttúrufræðistofnunar Íslands* (14-401). Starfrækt er útibú á Akureyri og var einn starfsmaður staðsettur á Austurlandi á árinu 2011. Af áætluðum heildargjöldum árið 2011 fóru um 86 Mkr til Norðurlands eystra og 4 Mkr til Austurlands.

Af minna greindum liðum er áætlað að vegna *Ýmissa verkefna* (14-190), *Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn* (14-202), *Landgræðslu ríkisins* (14-231), *Skógræktar ríkisins* (14-241), *Skipulagsmála sveitarfélaga* (14-303), *Ofanflóðasjóðs* (14-381), *Náttúrustofa* (14-403) og *Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar* (14-407) hafi 104,5 Mkr farið til Norðurlands eystra og 38,9 Mkr til Austurlands.

3.12. Ófyrirséð útgjöld

Samkvæmt fjárlögum 2011 voru 4.822 Mkr lagðar til hliðar vegna *Ófyrirséðra útgjalda* (9-989). Meginhluti þessa fjárlagaliðs fór í aukinn launakostnað ríkisins vegna kjarasamninga en auk þess í kostnað vegna þingvalla og eldgoss í Grímsvötnum. Áætlað er að 357 Mkr eða 7,4% liðarins fari til Norðurlands eystra og 106 Mkr eða 2,2% til Austurlands, alls 9,6%.

4. Fjárfestingar í innviðum

Í þessum kafla er fjallað um fjárfestingar ríkisins og kaup á tækjum sem flokkast sem stofnkostnaður í fjárlögum 2011. Þar sem sértekjur eru á móti útgjöldum er miðað við útgjöld umfram tekjur. Ef liðir eru blandaðir er stofnkostnaður reiknaður hlutfallslega að frádregnum sértekjum. Sé almennur rekstur í tilteknum lið t.d. 50 Mkr, stofnkostnaður 50 Mkr en sértekjur 10 Mkr telst stofnkostnaðurinn að frádreginni hlutdeild í sértekjum vera 45 Mkr. Fjárfestingar ríkisins voru samtals 944 Mkr á Norðurlandi eystra og 1.173 Mkr á Austurlandi eða 17,7% heildarfjárfestinga ríkisins samkvæmt fjárlögum 2011.

Tafla 10
Fjárfestingar ríkisins skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austur- land	Norðaustur- kjördæmi
Forsætisráðuneyti	35	0	0	0
Mennta- og menningarm.ráðun.	1.394	140	15	156
Sjávar- og landbúnaðarráðuneyti	135	15	24	39
Innanríkisráðuneyti	7.668	554	913	1.467
Velferðarráðuneyti	1.510	141	31	172
Fjármálaráðuneyti	587	6	10	15
Iðnaðarráðuneyti	48	4	2	6
Umhverfissráðuneyti	577	84	178	262
Samtals	11.954	944	1.173	2.117
Forsætisráðuneyti		0,0%	0,0%	0,0%
Mennta- og menningarm.ráðun.		10,1%	1,1%	11,2%
Sjávar- og landbúnaðarráðuneyti		11,1%	17,8%	28,9%
Innanríkisráðuneyti		7,2%	11,9%	19,1%
Velferðarráðuneyti		9,3%	2,1%	11,4%
Fjármálaráðuneyti		0,9%	1,7%	2,6%
Iðnaðarráðuneyti		8,3%	4,2%	12,5%
Umhverfissráðuneyti		14,6%	30,8%	45,4%
Hlutfall		7,9%	9,8%	17,7%

Í töflu 10 má sjá skiptingu stofnkostnaðar eftir ráðuneytum og þeim landsvæðum sem hér eru til skoðunar. Samkvæmt fjárlögum 2011 virtust engar fjár-

festingar í kjördæminu á vegum æðstu stjórnar ríkisins, forsætisráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins eða efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Þá eru fjárfestingar í kjördæminu óverulegar í nokkrum öðrum ráðuneytum. Stofnkostnaður fjármálaráðuneytisins er áætlaður 6 Mkr á Norðurlandi eystra og 10 Mkr á Austurlandi vegna tapaðra krafna (9-973) og Gamla spítalans á Seyðisfirði. Stofnkostnaður iðnaðarráðuneytisins er áætlaður 4 Mkr á Norðurlandi eystra og 2 Mkr á Austurlandi vegna framkvæmda á ferðamannastöðum.

4.1. Fjárfestingar í menntamálum og vísindum

Á sviði menntamála runnu 90 Mkr í stofnkostnað til Háskólans á Akureyri af liðnum *Háskóla- og vísindastofnanir, viðhald og stofnkostnaður* (2-269). Áætlað er að annar stofnkostnaður í Norðausturkjördæmi undir menntamálum sé 50 Mkr á Norðurlandi eystra en 15 Mkr á Austurlandi. Það voru samtals 11,2% af fjárfestingum á vegum menntamálaráðuneytisins 2011.

4.2. Fjárfestingar í landbúnaði

Af fjárlagaliðum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins voru 131 Mkr ætlaðar til *Jarðasjóðs og Jarðeigna ríkisins* (4-831) og var öll upphæðin stofnkostnaður. Hlutverk jarðasjóðs er einkum að kaupa jarðir bænda sem hafa afsalað sér framleiðslurétti og jarðir sem ekki seljast á frjálsum markaði. Jarðasjóður aðstoðar einnig sveitarfélög með lánveitingar við eigendaskipti á jörðum. Áætlað er að 10% fari í rekstur á deildinni í ráðuneytinu og 90% fari til viðhalds og greiðslu á gjöldum vegna ríkisjarða víðsvegar um landið. Því framlagi er skipt eftir fjölda jarða á svæðunum. Samkvæmt lögbýlaskrá (2007) frá sem miðast við 31. desember 2005 á ríkið 506 jarðir, þar af 335 í ábúð. Á Norðurlandi eystra eru 65 jarðir, þar af 47 í ábúð og á Austurlandi 104 jarðir, þar af 71 í ábúð. Miðað við hlutfallslegan fjölda jarða má áætla að 15 Mkr. eða 11,6% af útgjöldum jarðasjóðs fari til Norðurlands eystra og 24 Mkr eða 18,5% á Austurland. Fjárfestingar í Norðausturkjördæmi á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins voru því 39 Mk. eða 28,9% slíkra fjárfestinga.

4.3. Fjárfestingar í samgöngumannvirkjum

Af fjárlagaliðum innanríkisráðuneytisins voru alls 1.467 Mkr ætlaðar til fjárfestinga í innviðum Norðausturkjördæmis og var stærsti hluti þeirrar upphæðar

ætlaðar til vegagerðar. Til *Vegagerðarinnar* (6-651) runnu 15.714 Mkr, þar af 5.976 Mkr í stofnkostnað, þ.e. framkvæmdir. Þessi útgjöld falla undir innanríkisráðuneytið. Ákaflega illa gekk að fá upplýsingar um landfræðilega skiptingu útgjalda í liðnum en þó var hægt að áætla stofnkostnað í samræmi við tillögu að vegaáætlun 2011. Þar voru framkvæmdir á Austurlandi hlutfallslega nokkuð miklar árið 2011 og var þar fyrst og fremst um vegagerð í Vopnafirði að ræða. Áætlað er að 400 Mkr hafi runnið til Norðurlands eystra en 826 Mkr til Austurlands, samtals 1.226 Mkr eða 20,5% af heildarútgjöldum ríkisins til slíkra framkvæmda.

Annar stofnkostnaður vegna samgöngumannvirkja í Norðausturkjördæmi var samtals 229 Mkr vegna *Hafnarframkvæmda* (6-662) og *Flugvalla og flugleiðsöguþjónustu* (6-672). Á Norðurlandi eystra er áætlað að 110 Mkr hafi farið til hafnarframkvæmda en 28 Mkr til flugframkvæmda, eða samtals 18,6% fjárfestinga í slíkum samgöngumannvirkjum. Á Austurlandi er áætlað að 54 Mkr hafi farið til hafnarframkvæmda en 27 Mkr til framkvæmda vegna flugs, eða samtals 10,3% slíkra fjárfestinga. Áætlað er að annar stofnkostnaður í Norðausturkjördæmi undir innanríkismálum hafi verið 16 Mkr á Norðurlandi eystra en 6 Mkr á Austurlandi. Alls voru fjárfestingar í Norðausturkjördæmi því 19,1% af slíkum útgjöldum.

4.4. Fjárfestingar í heilbrigðismálum

Fjárfestingar ríkisins vegna sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana, heilsugæslustöðva, hjúkrunar- og öldrunarþjónustu í Norðausturkjördæmi eru áætlaðar 153 Mkr eða 12,8% slíkra fjárfestinga. Þar af eru 76 Mkr vegna *Sjúkrahússins á Akureyri* (8-358). Áætlað er að 7 Mkr af *Framkvæmdasjóði aldraðra* (8-402) hafi runnið til Norðurlands eystra en ekkert til Austurlands. Áætlað er að 1 Mkr af liðnum *Öldrunarstofnanir, almennt* (8-401) hafi runnið til Norðurlands eystra en 20 Mkr til Austurlands. Af liðnum *Heilbrigðisstofnanir* (8-700) er áætlað að 40 Mkr hafi runnið til Norðurlands eystra, 23 Mkr til Heilbrigðisstofnunarinnar á Siglufirði, 15 Mkr til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga og 2 Mkr í tæki og búnað. Til Austurlands er áætlað að 4 Mkr hafi farið til kaupa á tækjum og búnaði. Áætlað er að annar stofnkostnaður í Norðausturkjördæmi undir velferðarmálum hafi verið 13 Mkr á Norðurlandi eystra en 6 Mkr á Austurlandi. Alls voru fjárfestingar í Norðausturkjördæmi 11,4% af slíkum útgjöldum.

Aðrar fjárfestingar sem falla undir velferðarráðuneyti eru metnar 4 Mkr á Norðurlandi eystra en 1 Mkr á Austurlandi þannig að samtals eru fjárfestingar í kjördæminu áætlaðar 172 Mkr.

4.5. Fjárfestingar í umhverfismálum

Af fjárlagaliðum umhverfisráðuneytisins voru alls 262 Mkr áætlaðar til fjárfestinga í innviðum Norðausturkjördæmis. Af 114 Mkr til *Vatnajökulspjóðgarðs* (14-212) er áætlað að 27 Mkr fari til Norðurlands eystra en 12 Mkr til Austurlands. Til *Ofanflóðasjóðs* (14-381) eru áætlaðar 427 Mkr, þar af 419 Mkr í stofnkostnað. Sjóðurinn er undir umhverfisráðuneyti.

Gert er ráð fyrir að skipting útgjaldanna árið 2011 hafi verið sú sama og árið á undan. Árið 2010 fóru 13,6% af útgjöldum sjóðsins til Norðurlands eystra og 39,7% til Austurlands eða samtals 53,3%. Það þýðir að 57 Mkr hafi runnið til Norðurlands eystra en 166 Mkr til Austurlands, samtals 223 Mkr eða 53,3% stofnkostnaðar Ofanflóðasjóðs. Alls voru fjárfestingar í Norðausturkjördæmi 45,4% af slíkum útgjöldum umhverfisráðuneytisins 2011.

5. Bætur til einstaklinga

Í þessum kafla eru bætur til einstaklinga greindar sérstaklega. Hér er um að ræða greiðslur frá ríki til einstaklinga sem eru án skilyrða um notkun. Þannig skiptir ríkið sér t.d. ekki af því hvernig atvinnulausir eða öryrkjar nota þær bætur sem þeir eiga rétt á. Á hinn bóginn er styrkjum til t.d. íþróttamanna, rithöfunda eða bænda fyrst og fremst ætlað að efla tiltekna starfsemi sem ríkið telur mikilvæga og er nánar fjallað um slíka styrki í næsta hluta sem „styrki til svæða og atvinnugreina“. Skilin milli bóta til einstaklinga annars vegar og styrkja til atvinnugreina eða landssvæða hins vegar geta þó stundum orðið ógreinileg og því getur í sumum tilvikum verið matsatriði hvorum megin slíkar greiðslur eru færðar.

Í töflu 11 má sjá skiptingu bóta til einstaklinga eftir ráðuneytum og þeim landsvæðum sem hér er til skoðunar. Slíkar bætur voru greiddar af fjárlagaliðum fjögurra ráðuneyta.

Tafla 11

Framlög til bóta til einstaklinga í Norðausturkjördæmi samkvæmt fjárlögum 2011 eftir ráðuneytum (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austurland	Norðaustur- kjördæmi
Mennta- og menningarm.ráðun.	6.310	461	24	485
Innanríkisráðuneyti	478	25	9	34
Velferðarráðuneyti	99.110	9.411	2.854	12.265
Fjármálaráðuneyti	44.773	3.562	1.178	4.740
Samtals	150.671	13.459	4.065	17.524
Mennta- og menningarm.ráðun.		7,3%	0,4%	7,7%
Innanríkisráðuneyti		5,2%	1,9%	7,1%
Velferðarráðuneyti		9,5%	2,9%	12,4%
Fjármálaráðuneyti		8,0%	2,6%	10,6%
Hlutfall	100,0%	8,9%	2,7%	11,6%

Samkvæmt fjárlögum 2011 voru engar bætur til einstaklinga á vegum æðstu stjórnar ríkisins, forsætisráðuneytis, utanríkisráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Ekki er heldur gert ráð fyrir að útgjöld atvinnuvegaráðuneytanna séu

bætur en fjallað er um styrki þeirra til landsvæða og atvinnugreina í næsta kafla. Þá eru bætur innanríkisráðuneytisins til einstaklinga afar smávægilegar en áætlaðar eru 25 Mkr á Norðurlandi eystra og 9 Mkr á Austurlandi vegna bóta brotaþola og misgjörða á vistheimilum.

5.1. Bætur í menntamálum

Hér er litið svo á að undir mennta- og menningarmálaráðuneytinu skiptist framlag til *Lánasjóðs íslenskra námsmanna* (2-872) annars vegar í rekstrar-kostnað sem færður var undir starfsemi og þjónustu ríkisins hér að ofan og hins vegar styrki í formi námslána. Þótt lánþegar endurgreiði stóran hluta námslána sinna með tíð og tíma fara slíkar greiðslur til nýrra lána og skila sér ekki í ríkissjóð. Auk þess eru lánin á niðurgreiddum vöxtum sem jafngildir ríkisframlagi. Lánin eru færð á landssvæðið þar sem lánþeginn dvelur en ekki á lögheimili enda eyðir hann væntanlega lánnum sínum að mestu á dvalarstaðnum.

Á grundvelli ársskýrslu LÍN 2009–2010 er gert ráð fyrir að 79,4% eða 6.310 Mkr fari til lánþega innanlands. Að teknu tilliti til fjölda nemenda í lánshæfu námi og skiptingu skólagjaldalána er áætlað er að framfærslulán og skólagjaldalán til lánþega á Norðurlandi eystra séu 7,3% en á Austurlandi 0,4%. Samkvæmt því fara 461 Mkr af framlagi til LÍN til Norðurlands eystra og 24 Mkr til Austurlands eða samtals 485 Mkr.

5.2. Bætur í velferðarmálum

Bætur til einstaklinga í Norðausturkjördæmi af fjárlagaliðum velferðarráðuneytisins eru alls 12.265 Mkr. *Lífeyristryggingar* (8-204) eru fyrst og fremst greiðslur til ellilífeyrisþega og öryrkja. Örlíttill hluti fer í annað og er það að megninu til barnalífeyrir. Samtals er liðurinn 47.608 Mkr en þar af eru 46.599 Mkr staðsetjanleg útgjöld á Íslandi. Af þessari upphæð er áætlað að 5.135 Mkr hafi farið til á Norðurlands eystra en 1.561 Mkr til Austurlands, samtals 6.696 Mkr eða 14,4% þessa fjárlagaliðar.

Til *Atvinnuleysistryggingasjóðs* (8-851) voru ætlaðar 22.813 Mkr, þar af 22.230 Mkr í atvinnuleysisbætur. Samkvæmt Vinnu- og atvinnuleysisbæturáttáttun fóru 6,3% atvinnuleysisbóta til Norðurlands eystra en 1,9% til Austurlands á tímabilinu júlí 2010 til júní 2011. Gert er ráð fyrir að þetta hlutfall eigi við allt árið 2011 og því gert ráð fyrir að til Norðurlands eystra hafi farið 1.409 Mkr en 416 Mkr til

Austurlands. Samtals voru greiddar atvinnuleysisbætur í kjördæminu því áætlaðar 1.825 Mkr árið 2011 eða 8,2% allra atvinnuleysisbóta. Ekki fengust upplýsingar frá *Ábyrgðarsjóði launa* (8-853) um landfræðilega skiptingu 1.809 Mkr framlags til sjóðsins og er því miðað við mannfjölda. Áætlað er að 165 Mkr hafi fallið til á Norðurlandi eystra en 58 Mkr á Austurlandi, samtals 223 Mkr eða 12,3% útgjaldanna.

Á fjárlögum 2011 voru 9.688 Mkr ætlaðar til *Fæðingarorlofssjóðs* (8-854). Þar af fóru 9.396 Mkr í fæðingarorlofsgreiðslur á Íslandi en 210 Mkr voru óstaðsettar greiðslur erlendis. Samkvæmt upplýsingum Fæðingarorlofssjóðs vegna ársins 2010 fóru 8,7% greiðslna til fólks á Norðurlandi eystra en 3,2% til fólks á Austurlandi. Áætlað er að hlutföll verði þau sömu árið 2011. Því er gert ráð fyrir 820 Mkr til fæðingarorlofs á Norðurlandi eystra og 297 Mkr á Austurlandi. Samkvæmt því eru greiðslur úr fæðingarorlofssjóði í Norðausturkjördæmi samtals 1.117 Mkr eða 11,9% slíkra greiðslna. Af 9.427 Mkr vegna *Bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð* (8-203) eru 9.395 Mkr staðsetjanlegar á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar fyrir árið 2010 fóru 10,8% til Norðurlands eystra og 2,6% til Austurlands. Áætlað er að árið 2011 hafi því 1.015 Mkr farið til Norðurlands og 245 Mkr til Austurlands, samtals 1.260 Mkr eða 13,4%.

Gert er ráð fyrir að 26.254 Mkr til *Sjúkratrygginga* (8-206) hafi skipst í sömu hlutföllum og árið 2010 samkvæmt upplýsingum Sjúkratrygginga Íslands. Sjúkratryggingar greiða bæði fyrir þjónustu meðferðaraðila og bætur til einstaklinga og mörkin þar á milli eru ekki alltaf skýr. Metið var að bætur til einstaklinga væru 9.063 Mkr, þar af 9.056 Mkr á Íslandi. Af þessum hluta fóru 810 Mkr eða 9,0% til Norðurlands eystra en 257 eða 2,8% til Austurlands, samtals 1.067 Mkr eða 11,8%.

Af 709 Mkr til *Slysatrygginga* (8-208) eru 460 Mkr bætur til einstaklinga. Samkvæmt mannfjölda eru 42 Mkr áætlaðar á Norðurlandi eystra og 15 Mkr á Austurlandi, samtals 12,3% eða 57 Mkr.

5.3. Bætur frá fjármálaráðuneyti

Af fjárlagaliðum fjármálaráðuneytisins voru bætur til Norðausturkjördæmis árið 2011 alls 4.740 Mkr. Samkvæmt upplýsingum Ríkisskattstjóra fyrir árið 2010 fóru 7,1% af samtals 17.700 Mkr *Vaxtabótum* (9-821) til Norðurlands eystra en

2,2% til Austurlands. Í sömu hlutföllum er áætlað að árið 2011 hafi 1.266 Mkr runnið til Norðurlands eystra og 380 Mkr til Austurlands eða samtals 1.646 Mkr til Norðausturkjördæmis. Af 9.200 Mkr framlagi til *Barnabóta* (9-811) fóru árið 2010 með sama hætti 9,6% til Norðurlands eystra en 2,7% til Austurlands eða samtals 12,3%. Samkvæmt því er áætlað að árið 2011 hafi 885 Mkr farið til Norðurlands eystra og 249 Mkr til Austurlands eða samtals 1.134 Mkr.

Samkvæmt fjárlögum fóru 10.000 Mkr til *Afskrifta skattkrafna* (9-711). Þessi liður er nokkuð sérstakur en er hér færður sem bætur til einstaklinga. Þrátt fyrir fyrirspurnir til Ríkisskattstjóra og Fjársýslu ríkisins fengust ekki upplýsingar um hvort afskriftir á sköttum væru hlutfallslega mismunandi eftir landsvæðum. Er því miðað við að afskriftirnar skiptist eftir landshlutum í sömu hlutföllum og skattar. Því er áætlað að afskriftir skattkrafna hafi verið 755 Mkr á Norðurlandi eystra og 318 Mkr á Austurlandi eða samtals 1.073 Mkr eða 10,7% slíkra afskrifta.

Þá eru 5.434 Mkr til *Lífeyrisskuldbindinga eftirlauna* (9-381) vegna ríkisstarfsmanna. Hér er gengið út frá því að landfræðileg dreifing eftirlaunaþega ríkisins sé svipuð dreifingu starfsemi ríkisins. Samkvæmt því er áætlað að 435 Mkr fari til Norðurlands eystra og 152 Mkr til Austurlands, samtals 587 Mkr eða 10,8%. Þá eru 2.439 Mkr ætlaðar til *Jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða* (9-391). Illa gekk að fá upplýsingar frá sjóðunum um landfræðilega skiptingu þessa fjár og því er miðað við mannfjölda. Áætlað er að 222 Mkr útgjaldanna hafi fallið til á Norðurlandi eystra en 78 Mkr á Austurlandi, samtals 300 Mkr eða 12,3%.

Allar bætur til einstaklinga eru því 13.459 Mkr eða 8,9% á Norðurlandi eystra en 4.065 Mkr eða 2,7% á Austurlandi. Samtals eru bætur til einstaklinga í Norðausturkjördæmi því 17.524 Mkr eða 11,6% allra bóta.

6. Styrkir til svæða og atvinnugreina

Í þessum kafla er fjallað um þau útgjöld sem flokkuð eru sem styrkir til svæða og atvinnugreina. Hér er um að ræða útgjöld sem falla undir atvinnuvegaráðuneytin; sjávar- og landbúnaðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og efnahags- og viðskiptaráðuneyti auk nokkurra fjárlagaliða sem falla undir önnur ráðuneyti. Af þeim 40.937 Mkr sem ætlaðar eru til slíkra styrkja fara 5.872 Mkr til Norðurlands eystra en 2.782 Mkr til Austurlands, samtals 8.654 Mkr. Það eru 21,1% af heildarframlögum ríkisins.

6.1. Styrkir til matvælaframleiðslu

Til stuðnings við atvinnugreinar sem falla undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið voru ætlaðar 18.382 Mkr samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011. Á Norðurlandi eystra voru áætlaðar 2.772 Mkr til þessara mála en 1.129 Mkr á Austurlandi, samtals 3.901 Mkr í Norðausturkjördæmi. Það eru 21,2% af heildarframlögum ríkisins til málaflokksins.

Tafla 12

Styrkir til svæða og atvinnugreina skv. fjárlögum 2011 í Norðausturkjördæmi eftir ráðuneytum (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austurland	Norðaustur- kjördæmi
Mennta- og menn.ráðun.	535	92	54	146
Sjávar- og landbúnaðarr.	18.382	2.772	1.129	3.901
Innanríkisráðuneyti	13.804	2.458	1.208	3.666
Iðnaðarráðuneyti	4.906	489	336	825
Efnahags- og viðskiptar.	3.310	61	55	1156
Samtals	40.937	5.872	2.782	8.654
Mennta- og menn.ráðun.		17,2%	10,1%	27,3%
Sjávar- og landbúnaðarr.		15,1%	6,1%	21,2%
Innanríkisráðuneyti		17,8%	8,8%	26,6%
Iðnaðarráðuneyti		10,0%	6,8%	16,8%
Efnahags- og viðskiptar.		1,8%	1,7%	34,9%
Hlutfall		14,3%	6,8%	21,1%

Á fjárlögum 2011 voru 5.811 Mkr ætlaðar til *Greiðslna vegna mjólkurframleiðslu* (4-801). Beinar greiðslur til bænda eru áætlaðar í hlutfalli við greiðslumark sem er mælt í mjólkurlítrum. Samkvæmt Hagtölum landbúnaðarins 2010 (Erna Bjarnadóttir, 2010) var 25,2% greiðslumarks á landinu á Norðurlandi eystra en 4,2% á Austurlandi. Samkvæmt þessu hlutfalli fóru 1.467 Mkr til Norðurlands eystra og 246 Mkr til Austurlands árið 2011, samtals 1.713 Mkr eða 29,5% greiðslna vegna mjólkurframleiðslu.

Tafla 13
Styrkir til matvælaframleiðslu skv. fjárlögum 2011
í Norðausturkjördæmi (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austurland	Norðaustur- kjördæmi
Mjólkurframleiðsla	5.811	1.467	246	1.713
Sauðfé	4.307	754	660	1.414
Grænmetisframleiðsla	483	65	0	65
Skógrækt	387	52	117	169
Hafrannsóknir	1.280	21	0	21
Matvælaiðnaður	1.363	70	17	87
Annað	4.751	343	88	431
Samtals	18.382	2.772	1.128	3.900
Mjólkurframleiðsla		25,2%	4,2%	29,5%
Sauðfé		17,5%	15,3%	32,8%
Grænmetisframleiðsla		13,5%	0,0%	13,5%
Skógrækt		13,4%	30,3%	43,7%
Hafrannsóknir		1,6%	0,0%	1,6%
Matvælaiðnaður		5,1%	1,2%	6,4%
Annað		7,2%	1,8%	9,0%
Hlutfall	100,0%	15,1%	6,1%	21,2%

Þá voru 4.307 Mkr ætlaðar til *Greiðslna vegna sauðfjár* (4-805). Greiðslur til bænda skiptast almennt í hlutfalli við greiðslumark sem er mælt í ærgildum. Samkvæmt Hagtölum landbúnaðarins 2010 (Erna Bjarnadóttir, 2010) var 17,4% greiðslumarks í sauðfjárrækt á Norðurlandi eystra en 15,3% á Austurlandi. Um 43% svæðisbundins stuðnings til afskekktara svæða rennur til Norðausturkjör-

dæmis. Því er gert ráð fyrir að af þessum lið hafi 754 Mkr farið til Norðurlands eystra og 660 Mkr til Austurlands eða samtals 1.414 Mkr eða 32,8% til Norðausturkjördæmis.

Greiðslur til grænmetisframleiðslu (4-807) voru áætlaðar 483 Mkr. Þar af voru beinar greiðslur til bænda 239 Mkr en 213 Mkr fóru til niðurgreiðslu á lýsingu. Samkvæmt upplýsingum frá Bændasamtökum Íslands fóru 13,4% beinna greiðslna til Norðurlands eystra árið 2010 en ekkert til Austurlands. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli árið 2011 og að niðurgreiðslur á lýsingu skiptist eins, og því hafi 65 Mkr runnið til Norðurlands eystra.

Samkvæmt fjárlögum lagði ríkið 387 Mkr til landshlutabundinna skógræktarverkefna á árinu 2011. Þar af fengu *Héraðs- og Austurlandskógar (4-331)* á Austurlandi 117 Mkr. Greiðslur til *Norðurlandskóga (4-336)* eru 86 Mkr en samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra samtakanna eru u.þ.b. 60% útgjalda á Norðurland eystra eða um 52 Mkr. Samtals lagði ríkið því 203 Mkr til skóga í Norðausturkjördæmi eða 43,7% allra slíkra framlaga.

Á fjárlögum 2011 eru 1.280 Mkr til *Hafrannsóknarstofnunar (4-401)*. Starfsemi hennar er í Reykjavík fyrir utan fimm útibú í landsbyggðunum. Eitt þeirra er á Akureyri og er áætlað að rekstrarkostnaður umfram sértekjur hafi árið 2010 verið 1,6% af kostnaði við Hafrannsóknarstofnun. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli fyrir árið 2011 eða 21 Mkr til Norðausturkjördæmis.

Á fjárlögum 2011 er gert ráð fyrir 944 Mkr til *Matvælastofnunar (4-234)* og 419 Mkr í *Matvælarannsóknir (4-411)*. Samkvæmt þjónustusamningi við ríkið sér Matís ohf um matvælarannsóknir og blandast þær saman við aðra starfsemi hennar. Þessum fjárlagaliðum er skipt hlutfallslega niður eftir starfsmannafjölda viðkomandi stofnana. Af 72 starfsmönnum Matvælastofnunar eru fjórir á Norðurlandi eystra og einn á Austurlandi, en af 101 starfsmanni Matís eru einnig fjórir á Norðurlandi eystra og einn á Austurlandi. Samkvæmt þessu renna 70 Mkr til Norðurlands eystra en 17 Mkr til Austurlands. Samtals renna því 6,4% þessara fjárlagaliða til kjördæmisins.

Gert var ráð fyrir 400 Mkr í *Búnaðarsjóð (4-818)* og 399 Mkr til *Bændasamtaka Íslands (4-811)*. Búnaðargjald nemur 1,2% af veltu búvöru og tengdrar þjónustu hjá búvöruframleiðendum. Tekjum af gjaldinu er varið til Bændasamtaka Íslands, búnaðarsamtaka, búgreinasamtaka og Bjargráðasjóðs. Af þessum greiðslum er áætlað að 48 Mkr hafi farið til Norðurlands eystra og 18 Mkr til

Austurlands. Samtals er því áætlað að 66 Mkr eða 8,3% þessara útgjalda hafi runnið til Norðausturkjördæmis.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2011 var gert ráð fyrir að innheimta 1.400 Mkr vegna *Fóðursjóðs* (4-827) og 405 Mkr af ríkistekjum vegna *Verðmiðlunar landbúnaðarvara* (4-824). Fóðursjóður er út- og innsjóður þar sem innflytjendur borga toll af fóðri en fá hann síðan endurgreiddan að mestu eða öllu leyti. Áætlað er að 16% umsvifa fóðursjóðs séu á Norðurlandi eystra og 3% á Austurlandi. Verðmiðlunarsjóður er einnig út- og innsjóður til að endurgreiða afurðastöðvum í landbúnaði ýmis gjöld sem þeir greiða til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Ekki fengust upplýsingar um skiptingu gjaldsins eftir svæðum en ekki virðist vera teljandi tilflutningur á milli svæða á þessu gjaldi. Það er því áætlað í hlutfalli við mannfjölda. Útgjöld þessara sjóða voru því áætluð 261 Mkr á Norðurlandi eystra en 55 milljónir á Austurlandi eða samtals 316 Mkr í Norðausturkjördæmi.

Til annara verkefna á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar voru á fjárlögum 2011 ætlaðar 2.147 Mkr. Þannig voru 363 Mkr í *Ýmis verkefni* (4-190) á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Þar af eru 248,5 Mkr staðsetjanleg útgjöld því alls eru 115 Mkr (31,6%) þátttökugjöld sem ekki er ráðstafað hérlandis. Að öðru leyti fer fjármagnið aðallega til félagasamtaka, setra, rannsókna og kostnað við nefndir. Áætlað er að 10 Mkr fari í verkefni á Norðurlandi eystra og 8 Mkr í verkefni á Austurlandi. Af minna greindum liðum er áætlað að vegna *Verkefnasjóðs sjávarútvegsins* (4-413), *Rannsóknarsjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs* (4-417), *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins* (4-821), *Fiskræktarsjóðs* (4-843), *Greiðslna vegna riðuveiki* (4-851) og *Bjargráðasjóðs* (4-853) fari 24 Mkr til Norðurlands eystra og 7 Mkr til Austurlands. Samtals fara því 49 Mkr eða 2,3% framlaga til annarra verkefna til Norðausturkjördæmis.

6.2. Styrkir til annarrar atvinnustarfsemi

Styrkir til atvinnustarfsemi sem falla undir iðnaðarráðuneytið eru áætlaðir 4.906 Mkr samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2011. Á Norðurlandi eystra eru áætlaðar 489 Mkr til þessara mála en 336 Mkr á Austurlandi, samtals 825 Mkr í Norðausturkjördæmi. Það eru 16,8% af heildarframlögum ríkisins til slíkra styrkja.

Á fjárlögum 2011 voru 286 Mkr ætlaðar vegna *Byggðastofnunar* (11-411), 508 Mkr vegna *Nýsköpunarmiðstöðvar* (11-205) og 318 Mkr vegna *Byggðaáætlunar* (11-401). Almennur rekstrarkostnaður Byggðastofnunar fellur til á Sauðárkróki en framlög til atvinnuþróunarfélaga víðsvegar um land voru 146 Mkr árið 2011. Samtals fóru 24 Mkr til atvinnuþróunarfélaga Eyjafjarðar og Þingeyinga en 21 Mkr til Þróunarfélags Austurlands.

Starfstöðvar Nýsköpunarmiðstöðvar eru átta, þar af þrjár í Norðausturkjördæmi, á Akureyri, Húsavík og Egilsstöðum. Tvær síðarnefndu starfstöðvarnar eru fjármagnaðar af fjárlagalið Nýsköpunarmiðstöðvar og er áætlað að 36 Mkr hafi farið til Norðurlands eystra og 40 Mkr til Austurlands. Af fjárlagalið Byggðaáætlunar fóru 60 Mkr til Nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri en öðrum fjármunum hennar var að miklu leyti ráðstafað til vaxtarsamninga. Samkvæmt áætlun fóru alls 146 Mkr fjárveitinga Byggðaáætlunar til Norðurlands eystra og 20 Mkr til Austurlands. Af samanlögðum útgjöldum til Byggðastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar og Byggðaáætlunar fóru því 205 Mkr til Norðurlands eystra og 81 Mkr til Austurlands eða samtals 25,7% slíkra útgjalda.

Tafla 14
Aðrir styrkir til svæða og atvinnugreina skv. fjárlögum 2011
í Norðausturkjördæmi (Mkr.)

	Stað- setjanleg útgjöld	Norðurland eystra	Austurland	Norðaustur- kjördæmi
Byggðamál	1.112	205	81	286
Tækni sjóðir	750	40	0	40
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	13.804	2.458	1.208	3.666
Niðurgreiðslur orkumála	1.818	235	308	543
Annað	2.362	162	57	219
Samtals	19.846	3.100	1.654	4.754
Byggðamál		18,4%	7,3%	25,7%
Tækni sjóðir		5,3%	0,00%	5,3%
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		17,8%	8,8%	26,6%
Niðurgreiðslur orkumála		12,9%	17,0%	29,9%
Annað		6,9%	2,4%	9,3%
Hlutfall	100,0%	15,6%	8,3%	23,9%

Á fjárlögum var *Tækniþróunarsjóði* (11-242) ætlaðar 720 Mkr. Fjárframlagið skiptist þannig að 30 Mkr fóru í rekstur sjóðsins í Reykjavík og afganginum var skipt niður á verkefni. Því framlagi var skipt eftir úthlutun verkefna á árinu 2010. Á árinu 2010 fóru 34 Mkr til verkefna á Norðurlandi eystra eða 4,7% en ekkert fjármagn fór í verkefni á Austurlandi það árið. Þá voru 30 Mkr ætlaðar í *Orkusjóð* (11-371) en af þeirri upphæð fóru 6 Mkr eða 20% til Norðurlands eystra en ekkert til Austurlands.

Minna greindir liðir voru samtals 1.827 Mkr. Áætlað er að vegna *Iðju og iðnaðar* (11-299), *Orkustofnunar* (11-301), *Ferðamálastofu* (11-501), *Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða* (11-511) og *Einkaleyfastofunnar* (12-431) fari 70 Mkr til Norðurlands eystra og 3 Mkr til Austurlands. Samtals fóru því 4,0% þessara fjárveitinga til Norðausturkjördæmis.

6.3. Ýmsir jöfnunarsjóðir

Á fjárlögum 2011 voru 13.804 Mkr ætlaðar til *Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga* (6-841). Þetta er mjög stór og mikilvægur liður en það er ekki einfalt að skipta þessum útgjöldum ríkisins milli svæða. Það er ekki nóg að horfa á hlutföll heildarframlaga úr sjóðnum til að skipta ríkisframlaginu því sveitarfélögin sjálf leggja einnig til sjóðsins. Fyrir hvert sveitarfélag eða hóp sveitarfélaga þarf því að horfa á nettóframlag úr sjóðnum, að frádregnu því sem viðkomandi sveitarfélag leggur til sjóðsins.

Áætlað er að árið 2011 hafi ríkið lagt 14.398 Mkr til sjóðsins en á móti hafi sveitarfélögin lagt 4.213 Mkr í samræmi við útsvarsstofn. Sveitarfélög á Norðurlandi eystra lögðu fram 335 Mkr en fengu 2.899 Mkr úthlutað úr sjóðnum. Með sama hætti lögðu sveitarfélög á Austurlandi 140 Mkr til sjóðsins en fengu 1.400 Mkr úthlutað. Nettóframlög úr sjóðnum til Norðurlands eystra eru þá 17,8% og nettóframlög til Austurlands eru 8,8% útgjalda sjóðsins. Þessi hlutföll eru notuð á fjárlagatöluna, enda er hér verið að greina fjárlögin en ekki niðurstöðu ársins 2011. Það eru 2.458 Mkr á Norðurlandi eystra og 1.208 Mkr á Austurlandi, samtals 3.666 Mkr eða 26,6%.

Þá eru margvíslegar niðurgreiðslur vegna orkumála samtals 1.818 Mkr. Þannig eru 1.143 Mkr ætlaðar *Niðurgreiðslu á húshitun* (11-373) og áætlað að 129 Mkr eða 11,3% fari til Norðurlands eystra og 231 Mkr eða 20,2% til Austurlands. Af 245 Mkr til *jöfnunar kostnaðar við dreifingu raforku* (11-375) fær RARIK um

90% eða um 220 Mkr en Orkubú Vestjarða 10%. Hér er gert ráð fyrir að niðurgreiðslurnar séu í hlutfalli við mannfjölda í strjálbýli á dreifisvæði RARIK. Sú nálgun gefur um 49 Mkr eða 20% liðarins vegna Norðurlands eystra og 22 Mkr eða 9% vegna Austurlands, 71 Mkr eða 29%. í Norðausturkjördæmi. Loks renna 430 Mkr til *Flutningssjóðs olíuvara* (12-811). Árið 2010 voru útgjöld sjóðsins áætluð 13,3% á Norðurlandi eystra og 12,9% á Austurlandi eða samtals 26,2%. Gert er ráð fyrir sama hlutfalli árið 2011 sem gerir 57 Mkr á Norðurlandi eystra og 55 Mkr á Austurlandi, samtals 112 Mkr. Niðurgreiðslur vegna orkumála í Norðausturkjördæmi eru því alls 543 Mkr eða 29,9% allra slíkra niðurgreiðslna á landinu.

Á fjárlögum 2011 eru 535 Mkr ætlaðar til *Jöfnunar á námskostnaði* (2-884) sem felst í styrkjum til framhaldsskólanema. Þeir skiptast í akstursstyrki til nemenda sem sækja daglega skóla langt frá lögheimili og dvalarstyrkja til nemenda sem þurfa að flytja a.m.k. 30 km frá lögheimili sínu til að geta stundað nám. Samkvæmt upplýsingum frá LÍN yfir aksturs- og dvalarstyrki eftir póstnúmerum veturinn 2010–2011 fóru 17,3% til Norðurlands eystra og 10,1% til Austurlands, eða samtals 27,4%. Því er gert ráð fyrir að 92 Mkr fari til Norðurlands eystra og 54 Mkr til Austurlands eða samtals 146 Mkr til Norðurlands eystra á árinu 2011.

7. Tekjur ríkisins í Norðausturkjördæmi

Heildartekjur ríkisins á fjárlögum 2011 á rekstrargrunni voru 472.464 Mkr en útgjöld 509.808 Mkr. Það var með öðrum orðum 37.344 Mkr halli á fjárlögum sem samsvarar 7,9% af tekjum ríkisins. Fjárlagahallinn er hér meðhöndlaður sem tekjur til að samanburður á gjöldum og tekjum verði ekki villandi.

Tafla 15
Tekjur ríkisins eftir stærstu tekjuliðum (Mkr.)

nr.	Tekjuliður	Tekjur skv. rekstrargrunni	Hlutfall af öllum tekjum ríkisins	Norður-land eystra	Austur-land	Norðaustur-kjörd.
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	132.000	27,9%	10.520	4.277	14.797
1.1.1.1	Tekjuskattur	89.300	18,9%	6.331	2.965	9.296
2.2.1.1	Tryggingagjald	33.918	7,2%	2.693	1.126	3.819
2.2.1.5	Atvinnutryggingargjald	30.594	6,5%	2.429	1.016	3.445
1.1.5.1	Fjármagnstekjuskattur	24.700	5,2%	1.524	580	2.104
5.1.2.1.x	Gjöld á bensín og olíur ¹⁾	22.320	4,7%	2.232	1.134	3.366
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	26.400	5,6%	2.096	876	2.973
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	10.890	2,3%	902	335	1.237
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	6.380	1,4%	621	243	864
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	5.392	1,1%	589	169	759
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	4.970	1,1%	448	160	608
4.2.1.1	Eignarskattur einstaklinga	5.210	1,1%	164	33	196
5.1.2.1.1	Vörugjald, alm. af innfl.	3.910	0,8%	355	125	481
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútv. ohf	3.730	0,8%	310	122	432
5.1.2.1.40	Flutningsjöfnunargjöld	430	0,1%	50	32	82
	Aðrar tekjur	72.750	15,4%	5.701	2.416	8.117
	Samtals	472.464	100%	36.916	15.578	52.494
	Fjárlagahalli	37.344	7,9%	2.918	1.231	4.149
	Samtals með fjárlagahalla	509.808	107,9%	39.834	16.809	56.643

1) Vörugjald af bensíni 5.1.2.1.25. Sérstakt vörugjald af bensíni 5.1.2.1.30. Kolefnisgjald 5.1.2.1.32. Olíugjald 5.1.2.1.33.

Tekjur ríkisins í Norðausturkjördæmi voru áætlaðar með því að skoða 14 stærstu tekjuliði fjárlaga 2011, samtals 85% af öllum tekjum ríkisins. Í sumum tilfellum er notast við tekjur og gjöld einstaklinga 2011 sem finna má í

skattatölfræði á vef Ríkisskattstjóra (2011). Þær tölur eiga við tekjuárið 2010 og eru þær endurstiltar með mannfjöldatölum. Skattatölfræði Ríkisskattstjóra telur raunar sveitarfélagið Hornafjörð til Austurlands og verður að leiðrétta heildartekjur Austurlands án Hornafjarðar sem því nemur. Því er gert ráð fyrir að meðaltekjur séu þær sömu í Hornafirði og á Austurlandi. Jafnframt er tekið tillit til mannfjöldabreytinga sem hafa orðið frá miðju ári 2010 til miðs árs 2011.

Tafla 16
Hlutfall einstakra tekjuliða sem aflað er í Norðausturkjördæmi

nr.	Tekjuliður	Norðurland eystra	Austurland	Norðaustur- kjördæmi
5.1.1.1	Virðisaukaskattur	8,0%	3,2%	11,2%
1.1.1.1	Tekjuskattur	7,1%	3,3%	10,4%
2.2.1.1	Tryggingagjald	7,9%	3,3%	11,2%
2.2.1.5	Atvinnuþryggingargjald	7,9%	3,3%	11,2%
1.1.5.1	Fjármagnstekjuskattur	6,2%	2,3%	8,5%
5.1.2.1.x	Gjöld á bensín og olíur ¹⁾	10,0%	5,1%	15,1%
1.5.1.1	Tekjuskattur, lögaðilar	7,9%	3,3%	11,2%
5.1.2.1.50	Áfengisgjald	8,3%	3,1%	11,4%
5.2.1.1.1	Bifreiðagjöld	9,7%	3,8%	13,5%
5.1.2.10	Tollar og aðflutningsgjöld	10,9%	3,1%	14,0%
5.1.2.1.52	Tóbaksgjald	9,0%	3,2%	12,2%
4.2.1.1	Eignarskattur einstaklinga	3,1%	0,6%	3,7%
5.1.2.1.1	Vörugjald, alm. af innfl.	9,1%	3,2%	12,3%
1.10.7.1	Gjald vegna Ríkisútvarpsins	8,3%	3,3%	11,6%
	Aðrar tekjur	7,8%	3,3%	11,1%
	Samtals	7,8%	3,3%	11,1%

1) Vörugjald af bensíni 5.1.2.1.25. Sérstakt vörugjald af bensíni 5.1.2.1.30.
Kolefnisgjald 5.1.2.1.32. Olíugjald 5.1.2.1.33.

Áætlað er að tekjur ríkisins á Norðurlandi eystra hafi verið 10.520 Mkr vegna virðisaukaskatts, 15.074 Mkr. vegna skatta einstaklinga og fyrirtækja og 11.322 Mkr vegna annarra gjalda eða samtals 36.916 Mkr. Hluttur Norðurlands eystra í fjárlagahalla er 2.918 Mkr og teljast tekjur landsvæðisins því samtals 39.834 Mkr með hallanum. Á Austurlandi hafi tekjurnar verið tekjurnar 4.277 Mkr vegna virðisaukaskatts, 6.563 Mkr vegna skatta einstaklinga og fyrirtækja og 4.738 Mkr vegna annarra gjalda eða samtals 15.578 Mkr. Hluttur Austurlands í

fjárlagahalla er 1.231 Mkr og teljast tekjurnar því samtals 16.809 Mkr með hallanum. Heildartekjur ríkisins í Norðausturkjördæma eru samkvæmt þessu áætlaðar 52.494 Mkr en með fjárlagahallanum 56.643 Mkr.

Í töflu 16 má sjá hlutfall einstakra tekjuliða ríkisins sem aflað er í Norðausturkjördæmi. Tekjur ríkisins í kjördæminu eru hlutfallslega hæstar 19,0% af flutningsjöfnunargjöldum og 15,1% af gjöldum á bensín og olíur. Hlutfallslega lægstar eru tekjur ríkisins í kjördæminu hins vegar 3,8% af eignarskatti einstaklinga og 8,5% af fjármagnstekjuskatti. Þetta mynstur hlutfallslegra tekna ríkisins er tiltölulega svipað á Norðurlandi eystra og á Austurlandi.

7.1. Skattar einstaklinga og fyrirtækja

Skattar einstaklinga og fyrirtækja voru samanlagt áætlaðir 204.912 Mkr samkvæmt fjárlögum 2011 eða 43,4% af heildartekjum ríkisins. Tekjuskattur einstaklinga var næst stærsti tekjuliður ríkisins og var áætlað í fjárlögum að skatturinn yrði 89.300 Mkr árið 2011. Landfræðileg skipting hans er miðuð við endurstilltar upplýsingar Ríkisskattstjóra (2011). Tekjuskattur einstaklinga á Norðurlandi eystra eru áætlaður 7,1% og 3,3% á Austurlandi eða samtals 10,4%. Er því gert ráð fyrir að tekjuskattur á Norðurlandi eystra hafi verið 6.331 Mkr en 2.965 Mkr á Austurlandi eða samtals 9.296 Mkr.

Áætlað var að tryggingagjald yrði 33.918 Mkr árið 2011 og atvinnutryggingagjald 30.594 Mkr eða samtals 64.512 Mkr. Þessi gjöld eru innheimt af launagreiðendum í hlutfalli við launagreiðslur þeirra. Því er gert ráð fyrir að tryggingagjald sé í hlutfalli við endurstilltar skattskyldar launatekjur. Gjöldin á Norðurlandi eystra og á Austurlandi eru áætluð 11,3% af öllum tryggingargjöldum og atvinnutryggingargjöldum landsins. Er því gert ráð fyrir að slíkar tekjur verði 5.122 Mkr á Norðurlandi eystra en 2.142 Mkr á Austurlandi eða samtals 7.264 Mkr.

Þá var áætlað að tekjuskattur lögaðila skilaði 26.400 Mkr árið 2011. Það er nokkrum vandkvæðum bundið að skipta þessum skatti á landssvæði því hann er skráður þar sem höfuðstöðvar viðkomandi lögaðila eru staðsettar. Rekstrar-tekjurnar verða hins vegar til um allt land og því eðlilegt að skipta tekjuskattinum eftir því hvar tekjurnar verða til. Hér er þeim skipt í hlutfalli við skattskyldar tekjur. Tekjuskattur lögaðila á Norðurlandi eystra er áætlaður 2.096 Mkr en 876 Mkr á Austurlandi eða samtals 2.973 Mkr.

Loks var áætlað að skattur á fjármagnstekjur einstaklinga skilaði 24.700 Mkr árið 2011. Landfræðileg skipting byggir á endurstilltri skattatölfræði Ríkisskattstjóra (2011). Fjármagnstekjuskattur einstaklinga á Norðurlandi eystra er áætlaður 6,2% eða 1.524 Mkr og 2,4% eða 580 Mkr á Austurlandi. Fjármagnstekjuskattur í Norðausturkjördæmi er því áætlaður 8,5% af skattinum á landsvísu eða samtals 2.104 Mkr.

Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir að skattar einstaklinga og fyrirtækja árið 2011 hafi verið 15.074 Mkr á Norðurlandi eystra og 6.563 Mkr á Austurlandi eða samtals 21.637 Mkr.

7.2. Virðisaukaskattur

Virðisaukaskattur er stærsta einstaka tekjulind ríkisins. Á fjárlögum ársins 2011 var gert ráð fyrir að hann yrði 132.000 Mkr eða 27,9% af heildartekjum ríkisins. Áætlað er að yfirgnæfandi meirihluti virðisaukaskattsins sé til kominn vegna kaupa einstaklinga á vöru og þjónustu sem söluaðilar innheimta og skila til ríkisins. Landfræðilegur uppruni virðisaukaskatts einstaklinga er byggður á áætlaðri neyslu þeirra, enda benda gögn Hagstofu Íslands (2011) til þess að neyslumynstur sé svipað í tekjuháum og tekjulágum hópum. Það skiptir máli því tekjumunur milli svæða gæti ella skekkt virðisaukagreiðslur. Virðisaukaskattur á hverju landsvæði er því áætlaður út frá endurstílltum upplýsingum Ríkisskattstjóra (2011) um tekjur og gjöld einstaklinga.

Ráðstöfunartekjur eru fundnar með því að draga tekjuskatt, útsvar, fjármagnstekjuskatt, auðlegðarskatt (eignaskatt einstaklinga) og útvarpsgjald frá heildartekjum. Samkvæmt neyslukönnunum Hagstofu Íslands (2011) var neysla heimila á tímabilinu 2007–2009 um 92,9% af ráðstöfunartekjum þeirra. Í Norðausturkjördæmi var hlutfallið hins vegar 104,2% sem bendir til þess að heimilin hafi gengið á sparnað eða aukið neysluskuldir sínar á tímabilinu. Hér er þó varlega farið og miðað við að hlutfallið hafi verið það sama um allt land. Með því móti er áætlað að 8,0% virðisaukaskatts einstaklinga hafi verið aflað á Norðurlandi eystra en 3,2% á Austurlandi árið 2012.

Fyrirtæki greiða að jafnaði ekki virðisaukaskatt þar sem þau geta dregið greiddan skatt frá innheimtum skatti. Fyrirtæki og stofnanir á borð við sjúkrahús, skóla, banka og váttryggingafélög innheimta hins vegar ekki virðisaukaskatt og verða því að greiða slíkan skatt af aðföngum sínum. Hér er ekki greint

hvaðan virðisaukaskattsgreiðslur fyrirtækjanna koma heldur gengið út frá því að landfræðilegur uppruni þeirra skattgreiðslna sé í sömu hlutföllum og virðisaukaskattur sem greiddur er af einstaklingum. Því er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur frá Norðurlandi eystra hafi verið 8,0% af öllum virðisaukaskatti eða 10.520 Mkr. Frá Austurlandi hafi hann verið 3,2% eða 4.277 Mkr. Samtals hafi einstaklingar og fyrirtæki í Norðausturkjördæmi því greitt 14.797 Mkr í virðisaukaskatt á árinu 2011.

7.3. Aðrar tekjur ríkisins í Norðausturkjördæmi

Eldsneytisskattar og flutningsjöfnunargjöld ársins 2011 (vörugjald af bensíni, sérstakt vörugjald af bensíni, kolefnisgjald og olúgjald) eru áætluð samtals 22.680 Mkr. Þessum liðum er skipt á landsvæði samkvæmt ársreikningi Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara fyrir árið 2010. Vörugjaldi á bensín er skipt eftir notkun bifreiðabensíns, olúgjaldi er skipt eftir notkun gasolíu og kolefnisgjaldi er skipt eftir skiptingu útreiknaðs kolefnisgjalds á bifreiðabensín, gasolíu, skipagasolíu, aðra olíu til brennslu, flugsteinolíu og flugbensín. Samkvæmt því eru eldsneytisskattar og flutningsjöfnunargjöld Norðurlands eystra 2.232 Mkr en Austurlands 1.134 Mkr eða samtals 3.366 Mkr.

Samkvæmt fjárlögum 2011 er áfengisgjaldi ætlað að skila 10.890 Mkr og tóbaksgjaldi 4.970 Mkr. Landfræðileg skipting gjaldsins er byggð á tölum um árssölu í vínbúðum samkvæmt ársskýrslu ÁTVR árið 2010. Ekki var unnt að afla upplýsinga um landfræðilega skiptingu áfengissölu í gegnum veitingastaði og er þeirri sölu því skipt í sömu hlutföllum og sölu í vínbúðum. Samkvæmt Landlæknisembættinu (2011) er ekki landfræðilegur munur á reykingum Íslendinga og tóbaksgjaldi er því skipt miðað við hlutfallslegan mannfjölda 18 ára og eldri. Litið er framhjá því að hlutdeild ferðamanna í áfengis kaupum á veitingastöðum og tóbakssölu kann að vera mismunandi eftir landshlutum. Áfengis- og tóbaksgjald á Norðurlandi eystra er áætlað 1.350 Mkr en 495 Mkr á Austurlandi eða alls 1.845 Mkr.

Bifreiðagjöldum var samkvæmt fjárlögum 2011 ætlað að skila 6.380 Mkr. Gjöldunum er skipt á landssvæði miðað við fjölda bifreiða 31. desember 2010 (Umferðarstofa, 2011). Gert er ráð fyrir að meðalgjald á hvern bíl sé það sama í Norðausturkjördæmi og á landinu í heild. Á Norðurlandi eystra eru 9,7% af öllu bílum og 3,8% á Austurlandi eða samtals 13,5% allra bíla í landinu. Er því gert

ráð fyrir að bifreiðagjöld á Norðurlandi eystra séu 621 Mkr en á Austurlandi 243 Mkr eða samtals 864 Mkr.

Áætlað var að tollar, vörugjöld og aðflutningsgjöld skiluðu 9.302 Mkr árið 2011. Aðflutningsgjöld af fóðri í Fóðursjóð voru áætluð 1.400 Mkr og út frá bústofni sem nýtir kjarnfóður er gert ráð fyrir að 16% séu frá Norðurlandi eystra og 3% frá Austurlandi. Í gjaldahlið fjárlaganna er gert ráð fyrir að svæðin fái greiðslur úr Fóðursjóði í sömu hlutföllum. Aðrir liðir eru almenn vörugjöld (3.910 Mkr), almenn aðflutningsgjöld (3.970 Mkr) og eftirlitsgjald af innfluttum plöntum 22 Mkr. Engar áreiðanlegar upplýsingar eru til um landfræðilega dreifingu hluta sem bera slík gjöld og því er þeim skipt í hlutfalli við mannfjölda. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tollar og aðflutningsgjöld á Norðurlandi eystra verði 945 Mkr en 294 Mkr á Austurlandi eða samtals 1.239 Mkr.

Eignaskatti einstaklinga var ætlað að skila 5.210 Mkr árið 2011. Landfræðileg uppspretta skattsins er byggð á endurstílltum tölum Ríkisskattstjóra (2011). Eignaskattur er talsvert undir landsmeðaltali í Norðausturkjördæmi eða samtals 3,8%. Er því gert ráð fyrir að auðlegðarskattur á Norðurlandi eystra hafi verið 164 Mkr en á Austurlandi 33 Mkr eða samtals 196 Mkr.

Gjaldi vegna Ríkisútvarpsins var samkvæmt fjárlögum 2012 ætlað að skila 3.730 Mkr. Landfræðileg skipting gjaldsins er reiknuð út frá endurstílltum upplýsingum Ríkisskattstjóra (2011). Útvarpsgjald á Norðurlandi eystra er áætlað 310 Mkr eða 8,3% en á Austurlandi 122 Mkr eða 3,3% af gjaldinu á landsvísu. Samtals er því gert ráð fyrir að útvarpsgjald í Norðausturkjördæmi hafi verið 432 Mkr á árinu 2011.

Framantaldar tekjur eru 85% af tekjum ríkisins. Af þeim koma 7,8% frá Norðurlandi eystra en 3,3% frá Austurlandi. Aðrir tekjuliðir ríkisins eru yfir 40 talsins og var gert ráð fyrir að þeir skiluðu 72.320 Mkr sem er um 15% af heildartekjum. Þessum öðrum tekjum ríkisins er skipt í sömu hlutföllum og framantöldu tekjunum. Þær eru því áætlaðar 7,81% eða 5.651 Mkr frá Norðurlandi eystra og 3,30% eða 2.384 Mkr frá Austurlandi eða samtals 8.035 Mkr. Fyrirhugaður fjárlagahalli ársins 2011 er hér einnig talinn sem tekjur þótt hann sé fjármagnaður með lántökum, enda er í raun verið að eyða framtíðartekjum ríkisins. Ef fjárlagahallanum er skipt á landsvæði í sömu hlutföllum og áætluðum tekjum er hlutur Norðurlands eystra 2.918 Mkr en Austurlands 1.231 Mkr. Hlutdeild Norðausturkjördæmis í fjárlagahallanum er því 4.149 Mkr.

8. Norðausturkjördæmi eða Norðausturríki?

Í þessum kafla er fjallað um útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi í samanburði við mannfjölda og skatttekjur. Annars vegar er litið til *gjaldahlutdeildar* Norðurlands eystra og Austurlands án Hornafjarðar sem þess hlutfalls af heildarútgjöldum ríkisins sem samsvarar mannfjölda á þeim svæðum. Slík nálgun er í samræmi við það að Norðausturkjördæmi sé hluti velferðarríkisins Íslands þar sem allir eiga jafnan rétt á þjónustu hins opinbera. Hins vegar er *tekjuhlutdeild* skoðuð sem þeir beinu skattar og gjöld sem ríkið innheimtir á þessum landsvæðum. Sú nálgun samsvarar því að litið sé á Norðausturkjördæmi sem sjálfstætt ríki sem greiða þurfi fyrir ríkisútgjöld með tekjum ríkisins innan landsvæðisins.

8.1. Gjaldahlutdeild landsvæðis í velferðarríki

Grundvöllur velferðarríkisins er sá að þegar ríkisins njóti sameiginlegrar þjónustu eftir þörfum en leggi til sameiginlegra sjóða eftir getu. Séu útgjöld ríkisins skoðuð út frá því sjónarhorni er því eðlilegt að skoða útgjöld á einstökum landsvæðum óháð því hversu mikið þau leggja af mörkum til ríkissjóðs. Hvað bætur til einstaklinga varðar fara t.d. greiðslur elli- og örorkubóta eftir því hversu margir eiga rétt á slíkum bótum og námslán eftir fjölda háskólanema og því háskólanámi sem er í boði á hverju svæði. Með sama hætti fara styrkir til landbúnaðar eftir fjölda og gerð sveitabæja, niðurgreiðsla á húshitun eftir möguleikum til orkunýtingar og framlög úr jöfnunarsjóði eftir stærð og styrk sveitarfélaga.

Hins vegar fer landfræðileg skipting fjárveitinga ríkisins til opinberrar starfsemi, þjónustu og fjárfestinga eftir pólitískum ákvörðunum alþingis, ríkisstjórnar og embættismanna ríkisins. Þannig er ekki til einfalt og óumdeilt svar við því hvernig skipta skuli fjármunum til vegagerðar milli samgöngubóta sem auka öryggi, styrkja byggðir eða skila arðsemi, né heldur hversu mikla áherslu skuli leggja á almenna heilbrigðisþjónustu í héraði eða sérhæfða þjónustu í höfuðborginni. Þetta er sá hluti ríkisútgjalda sem einkum skapar störf og bætir þjónustu og hinn almenni skattborgari finnur helst helst fyrir. Búferlaflutningar felast í því að „fólk elti skattana sína“ að því marki sem það sækist eftir nálægð við starfsemi og þjónustu ríkisins.

Almennt er starfsemi og þjónusta ríkisins hlutfallslega dýrari eftir því sem byggðin er dreifðari. Þannig kostar meira að halda uppi sambærilegri heilbrigðisþjónustu, menntun, löggæslu eða samgöngum eftir því sem færri einstaklingar nýta slíka þjónustu. Í umræðum um sparnað í ríkiskerfinu er þetta stundum tekið til marks um að starfsemi og þjónusta í dreifðari byggðum sé óhagkvæm og því eigi að skera hana niður. Sé gengið út frá meginreglum velferðarsamfélagsins virðist hins vegar sönnu nær að leggja þurfi hærrí upphæðir til slíkrar starfsemi og þjónustu en mannfjöldi segir til um.

Miðja vega milli þessara tveggja sjónarmiða má því miða við hlutfall af útgjöldum ríkisins í samanburði við hlutfall af mannfjölda á tilteknu svæði sem gjaldahlutfall svæðisins. Þannig væri til dæmis gjaldahlutfallið í jafnvægi ef 10% útgjalda í tilteknum málaflokki eru á landsvæði þar sem 10% íbúanna eru búsettir. Sé um fámennt og dreifbýlt svæði að ræða er engu að síður líklegt að sú starfsemi og þjónusta sem íbúarnir njóta sé minni en þetta hlutfall segir til um.

Norðurland eystra

Íbúar Norðurlands eystra frá Siglufirði til Bakkafjarðar voru 29.012 talsins að meðaltali árið 2011 eða 9,1% þjóðarinnar (Hagstofa Íslands, 2012). Gjaldahlutdeild landsvæðisins árið 2011 telst því vera 9,1% af öllum útgjöldum ríkisins eða 46.341 Mkr. Samkvæmt því er hlutdeild íbúa Norðurlands eystra vegna vaxtagjalda ríkissjóðs 6.695 Mkr en 1.138 Mkr vegna annarra óstaðsetjanlegra útgjalda. Staðsetjanleg gjaldahlutdeild Norðurlands eystra var því 38.508 Mkr samkvæmt fjárlögum ársins 2011.

Af samanlögðum málaflokkum einstakra ráðuneyta vekur athygli að útgjöld langstærsta ráðuneytisins, velferðarráðuneytisins, eru nánast alveg í samræmi við hlutfalli mannfjöldans. Raunveruleg útgjöld ráðuneytisins á Norðurlandi eystra eru 19.076 Mkr en væru 18.778 Mkr miðað við fulla gjaldahlutdeild. Mismunurinn er 298 Mkr landsvæðinu í hag sem er um 2% frávík. Þar sem íbúar svæðisins geta jafnframt sótt ýmsa mjög sérhæfða heilbrigðisþjónustu til Reykjavíkur geta þeir nokkuð vel við unað hvað starfsemi velferðarráðuneytisins áhrærir.

Þegar litið er til staðsetjanlegra útgjalda má sjá af töflu 17 að útgjöld forsætisráðuneytisins og æðstu stjórnar ríkisins voru 30 Mkr á Norðurlandi eystra en hefðu verið 401 Mkr ef staðsetjanlegum útgjöldum væri dreift á alla landshluta

í samræmi við fólksfjölda. Útgjöld þessara stofnana á Norðurlandi eystra teljast því vera -371 Mkr lægri en gjaldahlutdeild landsvæðisins segir til um. Með öðrum orðum skiptist hlutdeild Norðurlands eystra í rekstri þessara stofnana í 30 Mkr útgjöld innan svæðisins og 371 Mkr útgjöld utan svæðisins.

Tafla 17
Útgjöld ríkisins á Norðurlandi eystra skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Metin útgjöld	Gjalda- hlutdeild	Mismunur	Hlutfall
<u>Staðsetjanleg eftir fjárlagalið</u>				
Æðsta stjórn ríkisins	30	322	-292	-91%
Forsætisráðuneyti	0	79	-79	-100%
Mennta- og menn.ráðuneyti	4.532	5.012	-480	-10%
Utanríkisráðuneyti	114	484	-370	-76%
Sjávar- og landbún.	2.787	1.683	1.104	66%
Innanríkisráðuneyti	6.287	5.377	910	17%
Velferðarráðuneyti	19.076	18.778	298	2%
Fjármálaráðuneyti	4.170	5.400	-1.230	-23%
Iðnaðarráðuneyti	493	450	43	9%
Efnahags- og viðsk.	60	301	-240	-80%
Umhverfisráðuneyti	588	621	-33	-5%
Samtals	38.137	38.508	-371	-1%
<u>Staðsetjanleg eftir tegund</u>				
Starfsemi og þjónusta	17.862	20.004	-2.142	-11%
Stofnkostnaður	944	1087	-143	-13%
Bætur til einstaklinga	13.459	13.696	-237	-2%
Styrkir til svæða og atv.gr.	5.872	3.721	2.151	58%
Samtals	38.137	38.508	-371	-1%
<u>Óstaðsetjanleg útgjöld</u>				
Vaxtagjöld ríkissjóðs	6.695	6.695	0	0%
Önnur óstaðsetj. útgj.	1.138	1.138	0	0%
Samtals	7.833	7.833	0	0%
Útgjöld alls	45.970	46.341	-371	-1%

Hlutdeild Norðurlands eystra í staðsetjanlegum útgjöldum fjármálaráðuneytisins eru 5.400 Mkr en raunveruleg útgjöld ráðuneytisins eru 4.170 Mkr. Því eru útgjöld á Norðurlandi eystra -1.230 Mkr undir gjaldahlutdeild (-23%). Með sama hætti eru útgjöld menntamálaráðuneytisins á Norðurlandi eystra -480 Mkr (-10%) lægri en mannfjöldi segir til um, útgjöld utanríkisráðuneytisins -370 Mkr (-76%) lægri, efnahags- og viðskiptaráðuneytisins -240 Mkr lægri (-80%) en

útgjöld umhverfisráðuneytisins -33 Mkr (-5%) lægri en gjaldahlutdeild landsvæðisins. Samanlagt leggur Norðurland eystra því 2.725 Mkr meira til æðstu stjórnarsýslu ríkisins og málaflokka þessara sex ráðuneyta en mannfjöldi landsvæðisins segir til um.

Hins vegur leggur Norðurland eystra talsvert minna til starfsemi á vegum þriggja fagraráðuneyta en gjaldahlutdeild segir til um. Þannig eru staðsetjanleg útgjöld sem falla undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið á Norðurlandi eystra 1.104 Mkr meiri en gjaldahlutdeild segir til um (+66%). Slík útgjöld námu samtals 2.787 Mkr skv. fjárlagafrumvarpi 2011 en miðað við mannfjölda er gjaldahlutdeild landsvæðisins 1.683 Mkr. Með sama hætti eru staðsetjanleg útgjöld innanríkisráðuneytisins 910 Mkr (+17%) umfram gjaldahlutdeild og útgjöld iðnaðarráðuneytisins 43 Mkr (+9%) umfram slíka hlutdeild. Samanlagt leggur Norðurland eystra því 2.057 Mkr minna til málaflokka þessara þriggja ráðuneyta en mannfjöldi segir til um.

Séu öll 45.970 Mkr staðsetjanleg og óstaðsetjanleg útgjöld ríkisins á Norðurlandi eystra borin saman við 46.341 Mkr gjaldahlutdeild landsvæðisins kemur því í ljós að ríkisútgjöld eru þar 371 Mkr lægri en íbúafjöldi segir til um. Það skakkar því aðeins -1% svæðinu í óhag í sameiginlegum ríkisútgjöldum þjóðarinnar.

Sé litið til mismunandi tegunda ríkisútgjalda kemur á hinn bóginn talsverður munur í ljós. Öll útgjöld vegna starfsemi og þjónustu ríkisins á Norðurlandi eystra voru 17.862 Mkr samkvæmt fjárlögum 2011 en hefðu verið 20.004 Mkr ef slík útgjöld væru í samræmi við mannfjölda. Því er starfsemi og þjónusta ríkisins -2.142 Mkr eða -11% undir gjaldahlutdeild svæðisins. Með sama hætti er stofnkostnaður ríkisins á Norðurlands eystra -143 Mkr eða -13% undir gjaldahlutdeild og bætur til einstaklinga -237 Mkr eða -2% undir hlutdeild svæðisins. Þessir þrjú þættir eru því samanlagt -2.522 Mkr undir gjaldahlutdeild Norðurlands eystra.

Styrkir til svæða og atvinnugreina á Norðurlandi eystra eru hins vegar 5.872 Mkr samanborið við 3.721 Mkr gjaldahlutdeild landsvæðisins í slíkum styrkjum. Því fær Norðurland eystra 2.151 Mkr meiri slíka styrki en sem mannfjöldi segir til um. Það skýrist af hærri framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (1.204 Mkr umfram gjaldahlutdeild) og stuðningi ríkisins við landbúnað (1.322 Mkr umfram gjaldahlutdeild) á Norðurlandi eystra. Framlög úr Jöfnunarsjóði eru þó fyrst og

fremst tilfærslur sem draga úr mismun á þjónustu milli verr settra og betur settra sveitarfélaga. Þá njóta almennir skattgreiðendur á Norðurlandi eystra öflugri landbúnaðar með svipuðum hætti og almennir skattgreiðendur á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu.

Sé gengið út frá gjaldahlutdeild njóta íbúar Norðurlands eystra þannig minni starfsemi og þjónustu ríkisins sem nemur um 74 þúsund krónum á hvern íbúa á ári eða um 295 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Á hinn bóginn leggur ríkið til svipaða upphæð til þess að annars vegar stuðla að því að þjónusta sveitarfélaga á svæðinu sé sambærileg því sem gerist annars staðar og hins vegar til að styðja við landbúnað á svæðinu. Fyrir almennan íbúa svæðisins má gera ráð fyrir því að þjónusta sveitarfélaga sé nokkuð sambærileg því sem gerist annars staðar á landinu en almenn starfsemi og þjónusta ríkisins um 11% minni en meðaltal landsins.

Austurland

Íbúar Austurlands án Hornafjarðar voru 10.200 talsins að meðaltali árið 2011 eða 3,20% þjóðarinnar (Hagstofa Íslands, 2012). Gjaldahlutdeild landsvæðisins árið 2011 telst því vera 3,2% af öllum útgjöldum ríkisins eða 16.314 Mkr. Þar af er hlutdeild svæðisins í vaxtagjöldum ríkissjóðs 2.357 Mkr en 401 Mkr vegna annarra óstaðsetjanlegra útgjalda. Staðsetjanleg gjaldahlutdeild Austurlands var því 13.556 Mkr samkvæmt fjárlögum ársins 2011.

Þegar litið er til staðsetjanlegra útgjalda má sjá af töflu 18 að útgjöld forsætisráðuneytisins og æðstu stjórnar ríkisins voru 7 Mkr á Austurlandi en hefðu verið 141 Mkr ef staðsetjanlegum útgjöldum væri dreift á alla landshluta í samræmi við fólksfjölda. Útgjöld þessara stofnana á Austurlandi teljast því vera -134 Mkr lægri en gjaldahlutdeild landsvæðisins segir til um. Með öðrum orðum skiptist hlutdeild Austurlands í rekstri þessara stofnana í 7 Mkr útgjöld innan svæðisins og 134 Mkr útgjöld utan svæðisins.

Hlutdeild Austurlands í staðsetjanlegum útgjöldum fjármálaráðuneytisins eru 1.901 Mkr en raunveruleg útgjöld ráðuneytisins eru 1.412 Mkr. Því eru útgjöld fjármálaráðuneytisins á Austurlandi -489 Mkr undir gjaldahlutdeild svæðisins (-26%). Með sama hætti eru útgjöld menntamálaráðuneytisins á Austurlandi -882 Mkr (-50%) lægri en mannfjöldi segir til um, útgjöld utanríkisráðuneytisins rúmlega -169 Mkr (-99%) lægri, en útgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins -

51 Mkr lægri (-48%) lægri en gjaldahlutdeild landsvæðisins. Ólíkt Norðurlandi eystra eru framlög af fjárlagaliðum velferðarráðuneytisins jafnframt -1.193 Mkr (-18%) undir gjaldahlutdeild svæðisins. Samanlagt leggur Austurland því 2.919 Mkr meira til málaflokka æðstu stjórnarsýslu ríkisins og þessara sex ráðuneyta en mannfjöldi segir til um.

Tafla 18

Útgjöld ríkisins á Austurlandi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Metin útgjöld	Gjalda- hlutdeild	Mismunur	Hlutfall
<u>Staðsetjanleg eftir fjárlagalið</u>				
Æðsta stjórn ríkisins	7	113	-106	-94%
Forsætisráðuneyti	0	28	-28	-100%
Mennta- og menn.	882	1.764	-882	-50%
Utanríkisráðuneyti	1	170	-169	-100%
Sjávar- og landbún.	1.153	593	560	95%
Innanríkisráðuneyti	3.865	1.893	1.972	104%
Velferðarráðuneyti	5.417	6.610	-1.193	-18%
Fjármálaráðuneyti	1.412	1.901	-489	-26%
Iðnaðarráðuneyti	338	159	179	113%
Efnahags- og viðsk.	55	106	-51	-48%
Umhverfissráðuneyti	313	219	94	43%
Samtals	13.443	13.556	-113	-1%
<u>Staðsetjanleg eftir tegund</u>				
Starfsemi og þjónusta	5.422	7.042	-1.620	-23%
Stofnkostnaður	1.173	383	790	207%
Bætur til einstaklinga	4.065	4.821	-756	-16%
Styrkir til svæða og atv.gr.	2.783	1.310	1.473	112%
Samtals	13.443	13.556	-113	-1%
<u>Óstaðsetjanleg útgjöld</u>				
Vaxtagjöld ríkissjóðs	2.357	2.357	0	0%
Önnur óstaðsetj. útgj.	401	401	0	0%
Samtals	2.758	2.758	0	0%
Útgjöld alls	16.201	16.314	-113	-1%

Hins vegur leggur Austurland talsvert minna til starfsemi á vegum fjögurra fagráðuneyta en gjaldahlutdeild segir til um. Þannig eru staðsetjanleg útgjöld sem falla undir innanríkisráðuneytið 1.972 Mkr yfir gjaldahlutdeild (+104%). Slík útgjöld voru metin samtals 3.865 Mkr skv. fjárlagafrumvarpi 2011 en hlutdeild

landsvæðisins hefði verið 1.893 Mkr. Slík útgjöld námu samtals 1.153 Mkr skv. fjárlagafrumvarpi 2011 en miðað við gjaldahlutdeild landsvæðisins hefðu þau átt að vera 593 Mkr. Með sama hætti eru staðsetjanleg útgjöld sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis 560 Mkr yfir gjaldahlutdeild (+95%), útgjöld iðnaðarráðuneytisins 179 Mkr (+113%) yfir gjaldahlutdeild og útgjöld umhverfisráðuneytisins 95 Mkr (+43%) umfram slíka hlutdeild. Samanlagt fær Austurland því 2.806 Mkr meira til málaflokka þessara fjögurra ráðuneyta en mannfjöldi segir til um.

Sé litið til tegunda staðsetjanlegra útgjalda kemur þó í ljós umtalsverður munur. Starfsemi og þjónusta ríkisins á Austurlandi er -1.620 Mkr (-23%) undir gjaldahlutdeild og bætur til einstaklinga -756 Mkr (-16%) undir hlutdeild svæðisins. Þessir tveir þættir eru því -2.376 Mkr undir gjaldahlutdeild Austurlands.

Hins vegar er stofnkostnaður Austurlands 790 Mkr eða ríflega tvöföld gjaldahlutdeild landshlutans árið 2011 og munar þar mest um vegagerð í Vopnafirði. Þá eru styrkir til svæða og atvinnugreina 1.473 Mkr yfir gjaldahlutdeild svæðisins og skýrist það af hærri framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (766 Mkr umfram gjaldahlutdeild) og stuðningi ríkisins við landbúnað (567 Mkr umfram gjaldahlutdeild). Þessir tveir þættir eru því 2.263 Mkr yfir gjaldahlutdeild Austurlands.

Þegar allt er talið eru útgjöld ríkisins á Austurlandi því aðeins 113 Mkr eða -1% undir gjaldahlutdeild svæðisins. Hins vegar njóta íbúar Austurlands minni þjónustu ríkisins sem nemur um 159 þúsund krónum á hvern íbúa á ári eða um 635 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Á hinn bóginn leggur ríkið til svipaða upphæð til þess að annars vegar tryggja að þjónusta sveitarfélaga á svæðinu sé sambærileg því sem gerist annars staðar og hins vegar til að styðja við landbúnað á svæðinu. Fyrir almennan íbúa svæðisins má því gera ráð fyrir því að þjónusta sveitarfélaga sé nálægt því sem gerist annars staðar á landinu en þjónusta ríkisins um 23% minni en meðaltal landsins.

Norðausturkjördæmi

Íbúar Norðausturkjördæmis frá Siglufirði til Djúpavogs voru 39.212 talsins að meðaltali árið 2011 eða 12,3% þjóðarinnar (Hagstofa Íslands, 2012). Gjaldahlutdeild kjördæmisins árið 2011 telst því vera 12,3% af öllum útgjöldum ríkisins eða 62.655 Mkr. Samkvæmt því er hlutdeild íbúa kjördæmisins í vaxta-

gjöldum ríkissjóðs 9.052 Mkr en 1.539 Mkr í öðrum óstaðsetjanlegum útgjöldum. Staðsetjanleg gjaldahlutdeild Norðausturkjördæmis var því 52.064 Mkr samkvæmt fjárlögum ársins 2011.

Þegar litið er til staðsetjanlegra útgjalda má sjá af töflu 19 að útgjöld forsætisráðuneytisins og æðstu stjórnar ríkisins voru 37 Mkr í Norðausturkjördæmi en hefðu verið 542 Mkr ef staðsetjanlegum útgjöldum væri dreift á alla landshluta í samræmi við fólksfjölda. Útgjöld þessara stofnana í Norðausturkjördæmi teljast því vera -505 Mkr lægri en gjaldahlutdeild landsvæðisins segir til um. Með öðrum orðum skiptist hlutdeild Norðausturkjördæmis í rekstri þessara stofnana í 37 Mkr útgjöld innan kjördæmisins og 505 Mkr útgjöld utan þess.

Tafla 19

Útgjöld ríkisins í Norðausturkjördæmi skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Metin útgjöld	Gjalda- hlutdeild	Mismunur	Hlutfall
<u>Staðsetjanleg eftir fjárlagalið</u>				
Æðsta stjórn ríkisins	37	435	-398	-92%
Forsætisráðuneyti	0	107	-107	-100%
Mennta- og menn.	5.414	6.776	-1.362	-20%
Utánríkisráðuneyti	115	654	-539	-83%
Sjávar- og landbún.	3.940	2.276	1.664	73%
Innanríkisráðuneyti	10.152	7.270	2.882	40%
Velferðarráðuneyti	24.493	25.388	-895	-4%
Fjármálaráðuneyti	5.582	7.301	-1.719	-24%
Iðnaðarráðuneyti	831	609	222	36%
Efnahags- og viðsk.	115	407	-291	-72%
Umhverfissráðuneyti	901	840	61	7%
Samtals	51.580	52.064	-484	-1%
<u>Staðsetjanleg eftir tegund</u>				
Starfsemi og þjónusta	23.284	27.046	-3.762	-14%
Stofnkostnaður	2.117	1.470	647	44%
Bætur til einstaklinga	17.524	18.517	-993	-5%
Styrkir til svæða og atv.gr.	8.655	5.031	3.624	72%
Samtals	51.580	52.064	-484	-1%
<u>Óstaðsetjanleg útgjöld</u>				
Vaxtagjöld ríkissjóðs	9.052	9.052	0	0%
Önnur óstaðsetj. útgj.	1.539	1.539	0	0%
Samtals	10.591	10.591	0	0%
Útgjöld alls	62.171	62.655	-484	-1%

Af fjárlagalið fjármálaráðuneytis voru útgjöld í Norðausturkjördæmi -1.719 Mkr undir gjaldahlutdeild (-24%) og útgjöld menntamálaráðuneytisins voru -1.362 Mkr undir slíkri hlutdeild (-20%). Þá voru útgjöld utanríkisráðuneytisins -539 Mkr (-83%) undir hlutdeild kjördæmisins í mannfjölda þjóðarinnar en efnahags- og viðskiptaráðuneytið -291Mkr (-72%) undir slíkri gjaldahlutdeild. Fjárlagaliðir velferðarráðuneytis voru nálægt pari á Norðurlandi eystra en -1.193 Mkr (-18%) undir gjaldahlutdeild Austurlands. Fyrir kjördæmið í heild er þessi stærsti þáttur í útgjöldum ríkisins því -895 Mkr eða -4% undir gjaldahlutdeild. Samanlögð útgjöld ríkisins vegna æðstu stjórnar ríkisins og þessara 6 ráðuneyta í Norðausturkjördæmi voru því 5.311 Mkr lægri en gjaldahlutdeild kjördæmisins.

Hins vegar voru útgjöld sem falla undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið 1.664 Mkr (+73%) yfir gjaldahlutdeild Norðausturkjördæmis og útgjöld innanríkisráðuneytis 2.882 Mkr (+40%) yfir slíkri hlutdeild. Þá voru útgjöld iðnaðarráðuneytis 222 Mkr (+36%) hærrí en hlutdeild kjördæmisins í heildarmannfjölda og útgjöld umhverfisráðuneytisins 61 Mkr (+7%) yfir slíkri gjaldahlutdeild. Samanlögð útgjöld ríkisins vegna málaflokka þessarra fjögurra ráðuneyta voru því 4.829 Mkr hærrí en gjaldahlutdeild Norðausturkjördæmis. Þegar öll staðsetjanleg útgjöld eru lögð saman eru ríkisútgjöld í Norðausturkjördæmi því aðeins 484 Mkr eða -1% undir gjaldahlutdeild kjördæmisins.

Sé litið til tegunda staðsetjanlegra útgjalda kemur sem fyrr í ljós umtalsverður munur. Starfsemi og þjónusta ríkisins er -3.762 Mkr eða -14% undir hlutdeild og bætur til einstaklinga -993 Mkr eða -5% undir gjaldahlutdeild kjördæmisins. Hins vegar er stofnkostnaður í Norðausturkjördæmi 647 Mkr umfram gjaldahlutdeild eða +44% og munar þar mest um vegagerð í Vopnafirði. Þessir þrír þættir eru því -4.108 Mkr undir hlutdeild Norðausturkjördæmis. Styrkir til svæða og atvinnugreina eru hins vegar 3.624 Mkr yfir gjaldahlutdeild kjördæmisins. Þar skýrist af hærri framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga (1.970 Mkr umfram gjaldahlutdeild) og stuðningi ríkisins við landbúnað í Norðausturkjördæmi (1.890 Mkr umfram gjaldahlutdeild).

Þegar allt er talið eru útgjöld ríkisins í kjördæminu því aðeins 484 Mkr eða um -1% undir gjaldahlutdeild svæðisins. Íbúar svæðisins njóta hins vegar minni þjónustu ríkisins sem nemur 96 þúsund krónum á hvern íbúa á ári eða um 384 þúsund krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu í Norðausturkjördæmi. Á hinn bóginn leggur ríkið til svipaða upphæð til þess að annars vegar tryggja að

þjónusta sveitarfélaga í kjördæminu sé sambærileg því sem gerist annars staðar og hins vegar til að styðja við landbúnað í kjördæminu. Fyrir almennan íbúa kjördæmisins má því gera ráð fyrir því að þjónusta sveitarfélaga sé sambærileg því sem gerist annars staðar á landinu en þjónusta ríkisins um -14% minni en meðaltal landsins.

8.2. Tekjur og gjöld Norðausturríkis

Í almennri umræðu um samþjöppun starfsemi ríkisins á höfuðborgarsvæðinu og minni þjónustu þess í einstökum landshlutum hefur sú spurning vaknað hvort landsbyggðirnar séu „byrði“ á höfuðborgarsvæðinu eða öfugt. Þannig hefur því verið fleygt að margvíslegir byggðastyrkir séu langt umfram það sem landsbyggðirnar leggi til sameiginlegra sjóða en á móti hefur því verið haldið fram að skattgreiðendur utan höfuðborgarsvæðisins greiði fyrir margvíslega opinbera þjónustu sem þeir geti lítið eða ekkert nýtt sér.

Án þess að hér verði tekin afstaða til þjóðernislegra sjónarmiða getur verið áhugavert innlegg í þessa umræðu að ímynda sér Norðausturkjördæmi sem sjálfstætt ríki, „Norðausturríki“ sem eigi landamæri að „Suðvesturríki“ annars vegar á Tröllaskaga austan Skagafjarðar og hins vegar við Þvottárskriður á mörkum Djúpavogshrepps og sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þar byggju um 39.212 þúsund manns eða um 80% af íbúafjölda Færeyja, næsta nágranna ríkisins til austurs. Skuldauppgjör slíks aðskilnaðar væri flókið en t.d. mætti reikna hlutdeild svæðisins í eignum ríkisins á móti hlutdeild svæðisins í skuldum þess. Hér er þó farin sú einfalda leið að Norðausturríki geri engar kröfur til eigna íslenska ríkisins utan svæðisins og taki ekki á sig neinar skuldir ríkisins. Þannig væri ímyndað Norðausturríki í svipuðum sporum og Ísland var þegar það fékk sjálfstæði frá danska ríkinu.

Miðað við þær niðurstöður sem raktar hafa verið hér að ofan er Norðausturríki rekið með lítilsháttar halla. Þannig voru beinar tekjur ríkisins á svæðinu 52.494 Mkr en staðsetjanleg og óstaðsetjanleg útgjöld án vaxtagreiðslna metin 53.119 Mkr skv. fjárlagafrumvarpi ársins 2011. Því var hallinn fyrir kjördæmið í heild um -625 Mkr eða -1,2% af tekjum. Á Norðurlandi eystra er hallinn -2.359 Mkr eða -6,4% en á Austurlandi er afgangur 1.734 Mkr eða 11,1% af tekjum. Til samanburðar er halli af rekstri íslenska ríkisins skv. fjárlögum 2011 um -7,9% eftir vaxtagreiðslur.

Tafla 20

Útgjöld og tekjur Norðausturríkis skv. fjárlögum 2011 (Mkr.)

	Norðurland eystra	Austurland	Norðaustur- kjördæmi
Útgjöld			
Starfsemi og þjónusta	17.862	5.422	23.284
Stofnkostnaður	944	1.173	2.117
Bætur til einstaklinga	13.459	4.065	17.524
Styrkir til svæða og atv.gr.	5.872	2.783	8.655
Óstaðsetjanleg útgjöld	1.138	401	1.539
Samtals	39.275	13.844	53.119
Tekjur			
Virðisaukaskattur	10.520	4.277	14.797
Tekjuskattur	6.331	2.965	9.296
Aðrar tekjur	20.065	8.336	28.401
Samtals	36.916	15.578	52.494
Tekjur-útgjöld			
Norðausturríki	-2.359	1.734	-625
Hlutfall af tekjum	-6,4%	11,1%	-1,2%

Hins vegar er slíkur beinn samanburður á tekjum og útgjöldum háður ákveðnum takmörkunum. Þannig eru umtalsverð margfeldisáhrif af útgjöldum ríkisins í Reykjavík. Þar má nefna margvíslega þjónustu einkaaðila við ríkisstofnanir, útgjöld ríkisstarfsmanna, samþjöppun íbúa og fyrirtækja í nálægð við stjórnarsýsluna og mikilvæga þjónustu ríkisstofnana. Sjálfstætt Norðausturríki hefði þannig umtalsverðar beinar tekjur sem nú falla til á höfuðborgarsvæðinu. Á hinn bóginn væru útgjöld vegna þjónustu sem íbúar, fyrirtæki og stofnanir í Norðausturkjördæmi sækja nú til Reykjavíkur án sérstaks endurgjalds. Frekari rannsóknir gætu varpað ljósi á útkomu þess reiknisdæmis.

Þá er rétt að hafa í huga að ímyndað Norðausturríki hefði væntanlega full yfirráð yfir fiskimiðum frá Eyjafirði að Álftafirði, endurnýjanlegum orkugjöfum á svæðinu og hugsanlegum olíulindum norðaustur af landinu. Þá er ólíklegt að Norðausturríkismenn myndu niðurgreiða framleiðslu landbúnaðarafurða til sölu í Suðvesturríki eða öðrum löndum. Auðlindagjöld og aðrar tekjur af nýtingu auðlinda svæðisins gætu því augljóslega staðið undir umtalsvert meiri opinberri þjónustu en íslenska ríkið veitir nú í Norðausturkjördæmi.

9. Umræða

Í upphafi nítjándu aldar hófst markviss uppbygging Reykjavíkur með skipulögðum flutningi allra helstu menningar- og valdastofnana landsins til þorpsins sem þá taldi rétt um 300 íbúa og var því á stærð við Grenivík eða Djúpavog rúmum tvö hundruð árum síðar. Með þeirri ákvörðun hófst veldisvöxtur þéttbýlisins á suðvesturhorni landsins jafnframt því sem forsendur sköpuðust fyrir þeirri miðstöð stjórnsýslu, fjármála, viðskipta, fjölmiðla, menntunar og menningarstarfs sem Jón Sigurðsson taldi til dæmis eina meginforsendu sjálfstæðrar þjóðar.

Árið 1801 voru Íslendingar allir aðeins rétt um 47 þúsund eða álíka margir og Færeyingar nú um stundir. Á næstu tveimur öldum nærri sjöfaldaðist fjöldi landsmanna og íbúafjöldi núverandi Norðausturkjördæmis nærri fjórfaldaðist úr rétt um tíu þúsund í 39 þúsund talsins. Íbúar kjördæmisins eru því um eða yfir 80% af íbúafjölda Íslands árið 1801 og Færeyja árið 2012. Á sama tíma hefur umbylting í menntun, þekkingu og tækni gjörbreytt samfélagsgerð og lífsháttum og skapað áður fjarstæðukennda möguleika á nútímalegri grenndarstjórnsýslu um land allt. Samþjöppun allrar starfsemi og stjórnsýslu ríkisins í Reykjavík og tvískipting landsins í „borg“ og „landsbyggð“ er arfleifð aðstæðna og hugsunarháttar 19. og 20. aldar en hefur enn djúpstæð áhrif á opinbera umræðu og stefnumótun nú á fyrri hluta 21. aldarinnar.

Grundvöllur velferðarríkisins er sá að þegnar ríkisins njóti sameiginlegrar þjónustu eftir þörfum en leggi til sameiginlegra sjóða eftir getu. Séu útgjöld ríkisins skoðuð út frá því sjónarhorni er því eðlilegt að skoða útgjöld á einstökum landsvæðum óháð því hversu mikla skatta þau leggja af mörkum til ríkissjóðs. Hvað bætur til einstaklinga varðar fara t.d. greiðslur elli- og örorkubóta eftir því hversu margir eiga rétt á slíkum bótum og námslán eftir fjölda háskólanema og því háskólanámi sem er í boði á hverju svæði. Með sama hætti fara styrkir til landbúnaðar eftir fjölda og gerð sveitabæja, niðurgreiðsla á húshitun eftir möguleikum til orkunýtingar og framlög úr jöfnunarsjóði eftir stærð og styrk sveitarfélaga. Í öllum þessum tilvikum er um að ræða pólitískar ákvarðanir sem ætlað er að draga úr efnahagslegum mismun milli einstaklinga, hvort sem slíkur mismunur stafar af líkamlegu eða andlegu ástandi, námi, starfsgrein, búsetu eða öðrum þáttum.

Ákvarðanir alþingis, ríkisstjórnar og embættismanna ríkisins um opinbera starfsemi, þjónustu og fjárfestingar í innviðum eru vitaskuld einnig pólitískar og

snúast um hagsmuni einstaklinga, hópa og heildar, en þar togast á rekstrarlegir og samfélagslegir þættir með nokkrum öðrum hætti. Þannig er ekki til einfalt og óumdeilt svar við því hvernig skipta skuli fjármunum til vegagerðar milli samgöngubóta sem auka öryggi, styrkja byggðir eða skila arðsemi, né heldur hversu mikla áherslu skuli leggja á samgöngubætur sem skipta miklu máli fyrir tiltölulega fáa eða þær sem skipta tiltölulega litlu máli fyrir marga. Með sama hætti er umdeilanlegt hversu mikla áherslu eigi að leggja á fjölbreytni almennrar heilbrigðisþjónustu í héraði eða gæði sérhæfðrar þjónustu í höfuðborginni. Slíkar ákvarðanir ráða miklu um lífsgæði og sóknarmöguleika einstakra landsvæða enda „eltir fólk skattana sína“ að því marki sem það sækist eftir þeirri þjónustu og þeim störfum sem ríkisútgjöld til opinberrar starfsemi skapa í Reykjavík eða utan hennar. Slík uppbygging er þannig ein helsta ástæða vaxtar Akureyrar á undanförunum áratugum.

Í þessari umfjöllun hefur verið gengið út frá því að ákveðið jafnvægi felist í því að hlutfall mannfjöldans sé það sama og hlutfall útgjalda á tilteknu landsvæði. Hins vegar er rétt að halda því til haga að starfsemi og þjónusta ríkisins er hlutfallslega dýrari eftir því sem byggðin er dreifðari. Því kostar meira að halda uppi sambærilegri heilbrigðisþjónustu, menntun, löggæslu eða samgöngum eftir því sem færri einstaklingar nýta slíka þjónustu á svæði af tiltekinni stærð. Í umræðum um sparnað í ríkiskerfinu er þetta stundum tekið til marks um að starfsemi og þjónusta í dreifðari byggðum sé óhagkvæm og því sé eðlilegt að skera hana niður. Sé hins vegar gengið út frá meginreglu velferðarsamfélagsins um að þjónusta sé veitt eftir þörfum virðist hins vegar sönnu nær að leggja þurfi hlutfallslega meira til slíkrar starfsemi og þjónustu á fámennari svæðum.

Fyrri rannsóknir hafa bent til þess að íbúar landsbyggðanna fái allt að helmingi minni starfsemi og þjónusta ríkisins fyrir skattana sína en íbúar höfuðborgarsvæðisins (Vífill Karlsson, 2005; Þóroddur Bjarnason, 2011). Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar bera eitt kjördæmi saman við landsmeðaltal og eru því ekki sambærilegar við þessar fyrri rannsóknir. Til þess að fá hugmynd um hvernig þessar niðurstöður ríma saman má þó áætla muninn á landsbyggðakjördæmum og höfuðborgarsvæðinu. Þar sem starfsemi og þjónusta ríkisins er mun meiri á Akureyri en í öðrum byggðarlögum utan höfuðborgarsvæðisins mætti ganga út frá því að önnur landsbyggðakjördæmi líkist fremur Austurlandi að þessu leyti. Samkvæmt því væri starfsemi og þjónusta ríkisins í landsbyggðunum samtals 20% undir landsmeðaltali og höfuðborgarsvæðið þar með 13%

yfir landsmeðaltali. Að þeirri forsendu gefinni njóta íbúar Norðurlands eystra 27% minni starfsemi og þjónustu ríkisins en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Fyrir Austurland og aðrar landsbyggðir væri þetta hlutfall hins vegar 47% er samþærilegt við fyrri niðurstöður rannsókna á þessu sviði.

Sé litið til einstakra liða kemur í ljós að útgjöld til almennrar starfsemi og þjónustu í Norðausturkjördæmi eru í mörgum tilvikum svipuð eða nokkru hærrí en hlutdeild mannfjöldans segir til um. Þannig voru íbúar kjördæmisins 13,3% þjóðarinnar árið 2011 og innan kjördæmisins voru til dæmis 11,4% útgjalda til heilbrigðismála. Af öllum útgjöldum til heilbrigðismála stendur hlutdeild kjördæmisins því undir 11,9 milljarða útgjöldum ríkisins til þeirra mála og leggur hátt í milljarð til viðbótar til heilbrigðismála á landsvísu í Reykjavík. Um 800 Mkr frá Austurlandi og hátt í 130 Mkr frá Norðurlandi eystra. Þá renna til kjördæmisins 13,7% útgjalda til staðbundinna lögreglustjóra og sýslumanna, 14,7% útgjalda til framhaldsskóla og 14,8% vegna trúmála og kirkjugarða. Þessi útgjöld eru því nálægt gjaldahlutdeild kjördæmisins en í ljósi þess að um 300 km eru frá Siglufirði til Raufarhafnar og um 400 km frá Raufarhöfn til Djúpavogs er óhjákvæmilegt að þjónustustigið sé nokkru lægra en á svæðum sem búa við meiri stærðarhagkvæmni.

Í öðrum tilvikum eru útgjöld til almennrar starfsemi og þjónustu þó langt undir hlutdeild kjördæmisins. Þótt landhelgi Íslands sé eðli málsins samkvæmt hringinn í kringum landið og stór hluti strandlengjunnar sé í Norðausturkjördæmi fara þangað aðeins 54 Mkr eða 2,7% af ríflega tveggja milljarða innlendum útgjöldum Landhelgisgæslunnar. Þá eru framlög til dómstóla í kjördæminu aðeins 8,2% af fjárheimildum héraðsdómstóla og aðeins 4,3% útgjalda fangelsismála eru í kjördæminu. Því er ljóst að hlutdeild kjördæmisins í útgjöldum til þessara málaflokka stendur undir allri starfsemi innan þess og mun umfangsmeiri starfsemi til viðbótar í öðrum kjördæmum.

Hvað sérhæfðari málaflokka varðar er hlutur kjördæmisins yfirleitt nokkuð rýr. Þannig er kostnaður við Háskólann á Akureyri og háskólasetur í kjördæminu 8,7% slíkra útgjalda og annar kostnaður við rannsóknir og þróunarstarf 2,8%. Því má segja að hlutur kjördæmisins í slíkri þekkingarsköpun greiði að fullu 1,4 milljarða kostnað í kjördæminu en jafnframt renni rúmar 800 Mkr af hlutdeild kjördæmisins til slíks starfs í Reykjavík. Þá er hlutdeild Norðausturkjördæmis af 6,6 milljarða framlagi ríkisins til menningar- og félagsmála (annarra en Ríkisút-

varpsins) rúmar 800 milljónir. Í raun fara hins vegar aðeins um 400 milljónir til starfsemi og þjónustu á sviði menningar og félagsstarfs innan kjördæmisins, þar af tæpur helmingur í gegnum menningarsamninga við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra. Því má segja að öll slík framlög séu greidd af hlutdeild kjördæmisins en til viðbótar renni helmingurinn af framlagi skattgreiðenda til menningar og félagsstarfs utan kjördæmisins.

Í þessu sambandi er mikilvægt að skoða sérstaklega útgjöld Ríkisútvarpsins og hlutverk þess við eflingu almennar um land allt. Miðað við 2,6 milljarða framlag ríkisins væri hlutdeild Norðausturkjördæmis rúmlega 320 milljónir en kostnaður stofnunarinnar í kjördæminu er hins vegar í raun tæplega þriðjungurinn af þeirri upphæð. Því má segja að greiðendur útvarpsgjalds greiði alla starfsemi stofnunarinnar í kjördæminu og leggi til viðbótar ríflega tvöfalda þá upphæð til starfseminnar í Reykjavík. Séu áætlaðar milljarðs tekjur vegna auglýsinga teknar með í reikninginn skekkist þessi mynd enn frekar og útgjöld RÚV teljast aðeins fjórðungur af hlutdeild kjördæmisins. Þótt starfsfólk Ríkisútvarpsins í Norðausturkjördæmi vinni mikið og gott starf er augljóst að fyrir 3–400 Mkr hlutdeild kjördæmisins í útgjöldum stofnunarinnar mætti efla fréttabjónustu og dagskrárgerð til mikilla muna frá því sem nú er gert fyrir um 100 Mkr.

Í Norðausturkjördæmi í heild er starfsemi og þjónusta ríkisins tæplega -3,8 milljörðum minni en mannfjöldi segir til um, þar af rúmlega -2,1 milljörðum á Norðurlandi eystra en -1,6 milljarði á Austurlandi. Þótt ákveðnar stofnanir séu staðsettar í kjördæminu að hluta eða öllu leyti vegur það sjaldnast upp á móti hallanum. Þannir eru til dæmis aðeins 115 Mkr eða 2,6% af 4,3 milljarða staðsetjanlegum innlendum útgjöldum utanríkisráðuneytisins í kjördæminu þótt um 30% af kostnaði við Þýðingarmiðstöð ráðuneytisins falli þar til. Með sama hætti má benda á að útgjöld velferðarráðuneytisins í Norðausturkjördæmi séu tæpum milljarði minni en mannfjöldi segir til um renna þótt 73 Mkr eða 86% af útgjöldum Jafnréttistofu til Norðausturkjördæmis. Loks eru fjárveitingar umhverfisráðuneytisins til kjördæmisins rúmum 90 milljónum undir hlutdeild þess í mannfjölda þótt um 79 Mkr eða 34% af almennum rekstri Vatnajökulspjóðgarðs renni til Norðausturkjördæmis.

Starfsemi og þjónusta ríkisins á sviði samgöngumála er helsta undantekningin frá þessu almenna mynstri, en um 26% slíkra útgjalda Vegagerðarinnar og um 18% útgjalda vegna flugvalla og flugþjónustu falla til í kjördæminu. Alls er það

um 1,3 milljörðum umfram hlutdeild kjördæmisins í mannfjölda. Til viðbótar var vegagerð í Vopnafirði helsta ástæða þess að fjárfestingar ríkisins í kjördæminu voru um 600 Mkr umfram hlutdeild þess í mannfjölda árið 2011.

Bætur til einstaklinga voru hins vegar nokkuð undir hlutdeild mannfjöldans árið 2011 eða 17,5 milljarðar í stað 18,5 milljarða miðað við hlutfallslega jafna skiptingu. Þessi munur skýrist eðli málsins samkvæmt af íbúasamsetningu kjördæmisins og því háskólanámi sem þar er í boði. Að frádregnum framlögum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eru slíkar bætur á Norðurlandi eystra 140 Mkr undir hlutdeild mannfjöldans en bætur á Austurlandi 580 Mkr undir slíkri hlutdeild.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að stuðningur ríkisins við sveitarfélög og landbúnað í landsbyggðakjördæmum vegur að mestu upp á móti minni framlögum ríkisins til opinbera starfsemi, þjónustu og einstaklingsbóta. Væri styrkjum til svæða og atvinnugreina skipt jafnt eftir mannfjölda kæmu um 5 milljarðar í hlut kjördæmisins, en í raun er þessi uppæð tæplega 8,7 milljarðar. Þessi 3,7 milljarða króna munur skýrist að mestu leyti af tveggja milljarða framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga umfram hlutdeild mannfjöldans og hins vegar af 1,1 milljarðs króna stuðnings við landbúnað og aðra matvælaframleiðslu umfram slíka hlutdeild. Gagnvart hinum almenna skattgreiðanda er hér þó annars vegar um að ræða fjárstuðning til að minnka mun á þjónustu sveitarfélaga og hins vegar stuðning við tiltekna atvinnugrein sem starfar á landsvísu. Að því marki sem skattgreiðendur hugleiða hversu mikið þeir fá fyrir skattana sína í mismunandi landhlutum vegur slíkur stuðningur við sveitarfélög og landbúnað ekki upp á móti minni starfsemi og þjónustu ríkisins.

Að lokum er áhugavert að hugleiða að hvaða marki Norðausturkjördæmi gæti staðið á eigin fótum sem sjálfstætt „Norðausturríki“. Tekjur ríkisins í kjördæminu voru áætlaðar 52,5 milljarðar á árinu 2011. Tekjur Norðurlands eystra voru 6 milljörðum undir meðaltali landsins en tekjur Austurlands 0,5 milljörðum yfir því meðaltali. Hvað Norðurland eystra varðar munar hér mest um lægri tekjuskatt, trygginga- og atvinnutryggingagjöld og fjármagnstekjuskatt. Ef kjördæmið væri sjálfstætt ríki sem hvorki ætti tilkall til eigna íslenska ríkisins utan kjördæmamarka né bæri ábyrgð á skuldum íslenska ríkisins væri fjárhagur þess í þokkalegu jafnvægi. Fjárlagahalli þess væri -625 Mkr eða 1,2% af útgjöldum samanborið við -7,9% halla af rekstri íslenska ríkisins eftir vaxtagreiðslur skv.

fjárlögum 2011. Þá ætti eftir að reikna annars vegar kostnað Norðausturríkis af þeirri þjónustu sem Norðausturkjördæmi nýtur nú í Reykjavík án sérstaks endurgjalds og hins vegar tekjur Norðausturríkis af þeim auðlindum orku og lífríkis sem er að finna á landi þess og hafsvæðum utan stranda þessa ímyndaða ríkis.

10. Heimildir

- Alþingi. 2007. Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Björns Vals Gíslasonar og Þuríðar Backman um störf á vegum ríkisins. 135. löggjafarþing 2007-2008. Þingskjal 387 – 160. mál.
- Alþingi. 2012a. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um dagskrár- og framleiðslukostnað Ríkisútvarpsins. 140. löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 987 – 596. mál.
- Alþingi. 2012b. Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns Þórs Júlíussonar um kostnað Ríkisútvarpsins vegna launa o.fl. 140. löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 1146 – 597. mál.
- Austurglugginn, 2012. Mótmaeli og samhygð landsbyggðarinnar að skila árangri?
http://www.austurglugginn.is/index.php/Frettir/Frettir/Motmaeli_og_sam_hugur_landsbyggdarinnar_ad_skila_arangri_
- Axel Hall, Daði Már Kristófersson, Gunnlaugur Júlíusson, Sveinn Agnarsson og Ögmundur Knútsson. 2011. Greinargerð um hagræn áhrif af frumvarpi til nýrra laga um stjórn fiskveiða samkvæmt þingskjali 1475. Reykjavík: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.
- Bæjarins besta, 2011. Skilningsleysi á mikilvægi landsbyggðarinnar fyrir hagkerfið. <http://bb.is/?PageID=26&NewsID=161973>
- Dóra Hlín Gísladóttir og Kristinn Hermannsson. 2011. Efnahagsö og samfélagsleg áhrif fyrirhugaðs niðurskurðar á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Grasrótarhópur á norðanverðum Vestfjörðum.
- Erna Bjarnadóttir. 2010. *Hagtölur Landbúnaðarins 2010*. Reykjavík: Bændasamtök Íslands.
- Hagstofa Íslands. 2011. Neysla og verð ýmissa vörutegunda.
<http://hagstofan.is/Hagtolur/Verdlag-og-neysla/Neysla-og-verd-ymissa-vorutegund>, sótt 15. desember 2011.
- Hagstofa Íslands. 2012. Meðalmannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1998-2011 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2012.
<http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Sveitarfelog>, sótt 15. júní 2012.
- Landlæknisembættið. 2011. Umfang reykinga. Reykjavík: Landlæknisembættið.
- Ólafur Stephensen. 2011. Tími óvinsælda. Fréttablaðið 9. október 2010.

Ríkisskattstjóri. 2011. Tekjur og gjöld einstaklinga 2011.

http://www.rikisskattstjori.is/stadtolur/skrar/141_2011.pdf, sótt 15. desember 2011.

Umferðarstofa. 2011. Upplýsingatorg, tölfræði.

<http://www.umferdarstofa.is/Apps/WebObjects/US.woa/wa/dp?id=958>, sótt 15. desember 2011.

Vífill Karlsson. 2005. Um landfræðilegt misræmi á milli fjármögnunar og umsvifa hins opinbera og afleiðingar þess fyrir landshluta á Íslandi. Borgarnes: Calculus ehf.

Þóroddur Bjarnason. 2010. Hefur landsbyggðin efni á Reykjavík? Háskólaásetur Vestfjarða, 22. október 2010.